# Gestabók

# Brandagil

í

Staðarhreppi

í Vestur-Húnavatnssýslu

# Brandagil.

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalins er þetta að finna:

„Brandagil.

Jarðardýrleiki XXIIII ℂ

Eigendur Davíð Erlendsson, ungmenni, sem er til heimilis hjá fjárhaldsmanni sínum, Teiti Eiríkssyni að Núpi í Núpsdal, að XVI ℂ. En að VIII ℂ er eigandi barn áðurnefnds Teits Eiríkssonar, Erlendur að nafni, sem erft hefur móður, síðan 1702. Hún var kvinna Teits og átti þá jörðina.

Ábúandinn er Magnús Eiríksson.

Landskuld I ℂ X álnir, nú í næstu þrjú ár, þá í fjögur ár hin næstu I ℂ, en áður til forna I ℂ XX álnir; hafa þessari umbreyting landskuldarinnar ollað spjöll, sem orðið höfðu fyrir vanrækt á húsum og túni. Landskuld betalast í öllum gjaldgengum og gildum landaurum, sem ábú-

andinn býður, og so hefur verið það lengst menn til muna.

Leigukúgildi iiii, hafa áður VI verið, en því tveimur fækkað að. leiglendingar vildu tregir VI hafa. Leigur betalast í smjöri heim til barnanna fjárhaldsmanns, og so hefur að fornu verið.

Kvaðir eru öngvar, hafa og ekki heldur verið.

Við til húsabótar leggur landsdrottinn ásamt með ábúanda.

Kúgildin uppyngir landsdrottinn.

Kvikfénaður iii kýr, ii kálfar, XIIIII ær, I sauður þrevetur, iii tvævetrir XXX veturgamlir, XX lömb, iii hestar, i hross I unghryssa, I foli veturgamall.

Fóðrast kann iiii kýr XX lömb Ix ær vi hestar.

Heimilismenn V og sjötta niðurseta í níu mánuði.

Selstaða hefur til forna verið í búfjárhögum

Torfrista og stunga í lakara lagi.

Móskurður hefur verið við sel-tóftirnar og meinast enn vera kunni.

Hrísrif, sem brúkað hefur verið til eldingar og til kolgjörðar, er eytt að kalla.

Silúngsveiðivon nokkur.

Heimræði er og lending góð, en því eins gagnvæn að fiskur gángi inn á Hrútafjörð, hvörs ekki er að vænta fyr en um slátt og síðan fram eftir haustinu. Hefur það nú í margt ár ekki verið.

Rekavon lítil og eru rekarnir óskift-ir milli Staðar og Brandagils.

Landþröngt er mjög.

Engjar ekki nema með blettum, hér og þar í graslendislágum, utan hvað í sökkvaflóum, langt upp á hálsi má fá brok nokkurt og rauð-brisking með stórerfiði

Hætt er peningi fyrir forudum.

—o—

Í fasteignamati 1942 eru þessar upplýsingar um Brandagil.:

Brandagil I talið í einkaeign og í sjálfsábúð.

Fasteignamat jarðar 1400 kr. húss 300 kr, samtals 1700 kr.

Útveggir húss úr torfi og grjóti, tún girt, hlunnindi eru mótekja og silungsveiði.

Heyfengur, 5 ára meðaltal, 60 hestar taða, 130 hestar úthey.

Brandagil II talið í einkaeign og í sjálfsábúð.

Fasteignamat jarðar 2600 kr. húss 500 kr, samtals 3100 kr.

Útveggir húss úr torfi og grjóti, tún girt, hlunnindi eru mótekja og silungsveiði.

Heyfengur, 5 ára meðaltal, 120 hestar taða 100 hestar úthey.

Talið er að á ónotuðu engi megi heyja 160 hesta.

Áhöfn, 5 ára meðaltal, er talin: 1 nautgripur 70 sauðkindur 3 hross.

—o—

Í fasteignamati 1957 er landverð

talið 10.400.- kr., húsverð 5.600.- kr, heildarmat: kr. 16.000.-

Ábúendur eru þá taldir:

Sigmundur Sigurbjörnsson
og Jón Guðmundsson.

-o-

Síðasti ábúandi á Brandagili og eigandi allrar jarðarinnar, Sigmundur Sigurbjörnsson fluttist til Reykjavíkur 1963 og á 1967 heima þar í Lönguhlíð 19.

-o-

Núverandi eigendur jarðarinnar eru Þorkell Zakaríasson, bílstj. Hveravík, hjá Reykjaskóla að 1/3 og Eiríkur og Magnús Gíslasynir á Stað að 2/3

-o-

Þetta litla hús er ætlað sem „sæluhús", gisti- og hvíldarstaður hér á norðurslóðum. Það er í landi Þorkels Zakaríassonar, með hans góða leyfi og var hann með við val staðarins 4/7 1967.

Brandagil I talið í einkaeign og í sjálfsábúð.

Fasteignamat jarðar 1400 kr. húss 300 kr, samtals 1700 kr.

Útveggir húss úr torfi og grjóti, tún girt, hlunnindi eru mótekja og silungsveiði.

Heyfengur, 5 ára meðaltal, 60 hestar taða, 130 hestar úthey.

Brandagil II talið í einkaeign og í sjálfsábúð.

Fasteignamat jarðar 2600 kr. húss 500 kr, samtals 3100 kr.

Útveggir húss úr torfi og grjóti, tún girt, hlunnindi eru mótekja og silungsveiði.

Heyfengur, 5 ára meðaltal, 120 hestar taða 100 hestar úthey.

Talið er að á ónotuðu engi megi heyja 160 hesta.

Áhöfn, 5 ára meðaltal, er talin: 1 nautgripur 70 sauðkindur 3 hross.

—o—

Í fasteignamati 1957 er landverð

20. júlí 1967, fimmtudag var þetta hús flutt hingað á bíl frá Reykjavík Kvöldið áður komum við hingað að Brandagili, um miðnætti, Jón J. Víðis, Már og Úlfar Mássynir og gistum í tjaldi á túninu. Hér voru þá nýkomin Sig Haukur Sigurðsson og Guðrún Kristinsdóttir kona hans og höfðu tjaldað.

Daginn eftir 20. júlí gengum við öll frá undirstöðum hússins og höfðum lokið því er bíllinn frá Reykjavík kom með húsið kl. 5 e. h. við mikinn fögnuð okkar.

Er bílstjórinn hafði rennt húsinu niður af bílnum, fór hann til baka, en við bisuðum við að koma húsinu rétt á undirstöðurnar og hafði okkur loks tekist það, eftir mikið erfiði kl. langt gengin tíu um kvöldið. — Þá héldum við þrír, Jón Már og Úlfar á Strandir, til Hólmavíkur, en Haukur og Guðrún gistu í Brandagili og voru þar fyrstu

næturgestir.

Þetta hús er í fyrstu byggt sem garðhús í Kringlumýri árið 1935 þar stóð það í mörg ár í ágætum kálgarði á sömu slóðum og nú er ein aðal breiðgata Reykjavíkur, Kringlumýrarbraut, í miðja miðbænum. Þaðan var það flutt á Árbæjarblett 76 er var 0.46 ha að stærð og var húsinu komið fyrir ofantil á blettinum.

Er húsið varð nú enn að víkja fyrir vexti borgarinnar, er Árbæjarhverfi byggðist, þar sem nú heitir Hábær, — hafði verið þarna í rækt stór kálgarður í fjölda ára og í uppvexti voru þar miður af húsinu yfir 600 tré á ýmsum aldri, barrtré og margar tegundir lauftrjáa, auk fjölda blómjurta. Elstu trén yfir 20 ára gömul. — Flest voru trén upprætt með stórvirkum vélum er þarna var lagt í jörðu aðalskolpræsi hverfisins.

Áður en húsið var flutt hingað norður var það allmikið endurbyggt. Það gerði Kristinn Kristinsson byggingameistari í Kópavogi, en Jón og Már unnu mörg kvöld og fram á nætur við að mála húsið og búa það að ýmsu út.

"Ollum næturgestum er ætlað að rita nöfn sín í þessa

GESTABÓK

og mættu þeir þá einnig geta þess hvaðan þeir koma og hvert þeir ætla.

Einnig ættu þeir aðrir er hér koma að skrifa nöfn sín, þó þeir gisti ekki

21.–22. júlí 1967.

Þökkum þann heiður að verða fyrstu næturgestir í "sæluhúsinu" í Brandagili. Óskum þess, að það endist vel og lengi og veiti öllum þeim, sem hér gista, margar gleði- og hvíldarstundir. Heill fylgi þessum stað.

Guðrún Kristinsdóttir.
Sig. Haukur Sigurðsson

26. júlí, miðvikudagur. Við komum hér í gærkvöldi seint. Höfum verið víða á Ströndum, síðan á föstudag. Veður ágætt. Völdum m.a. í gær, í dásamlegu veðri, ruðningsleið, fyrir jeppa, frá Víðidalsá áleiðis á Laxárdalsheiði.

Er í Hrútafjörð kom var m.a. kaldi og regnhreytingur og var okkur húsaskjólið kærkomið.

30. júlí, sunnud. Héðan höldum við í Barðastrandarsýslu, um Laxárdalsheiði og Dali.

Við höfum verið hér í Húnavatnssýslu síðan á miðvikudag í leiðindaveðri, kuldanæðingi, en oftast þó smáregnýringur, er ekki stöðvaði moldrok úr vegi.

Við höfum m. a. mælt 2 veglínur ofan Borðeyrar, endurnýjað veglínu um nýja brú á Laxá og sitthvað fleira.

Jónr. Viðis. Már Viðir Másson
Ulfar Másson

Elís Jónsson, verkstj kom til okkar að morgni þess 26. júlí.

Þorkell Zakaríasson kom í heimsókn til okkar 28. júlí.

2. ágúst 1967
Sig. Haukur Sigurðsson
~~Egill~~ J. Stardal

8. ágúst 1967.
Kristinn Stefánsson, Hávallag. 25, Rv.
Dagbjört Jónsdóttir
Guðrún Kristinsdóttir
Hrausti Sigurðsson
Ingibjörg Arngrímsdóttir.

Við fimm komum hér við á leið til Reykjavíkur. Gistum síðastliðna nótt á Sleitustöðum í Skagafirði.

10. ág. '67
Gistum hér í Brandagili og okkur leið vel. Erum á leið frá Flateyri til Akureyrar.
Veður var n.a. kaldi með þokusúld

Ágúst B. Þorláksson Flateyri Önundarf.
Ólafía G. Hagalínsdóttir " "
Hilmar Guðmundsson " "

17. ágúst 1967
Sig. Haukur Sigurðsson
Egill Y. Sandal

9. sept '67 Hættum við gistingu
(Innskot) og vorum komnir til Rvk.
kl. 4 um nóttina. Höfum
sennilega fundið á okkur
að seint myndi í Brandagili
og flýttum okkur heim.
Kveðja Haukur.

17 ágúst 1967
Við komum hér fimm minutur
fyrir kl 12 á miðnætti 16 ág. gistum.
Komum hingað um Lazaridalsheiði
úr Barðastrandasýslu og Ísafjarðarsýslu
vorum m. a. í Kaldalóni.
Höldum suður Holtavörðuheiði
eftir að hafa gróðursett nokkur tré
Hér í Brandagili voru engir aðrir
á þessu tímabili. þeir sem skrifa
sig hér á undan okkur 17 ág. hafa ruglast
í ríminu eða eru huldumenn
Már Viðar Másson, Ulfar Másson.
Jón Viðar

23. ágúst 67

Við fórum úr Reykjavík í gær-kvöldi, frá Elliðaám kl 10. Veður hráslagalegt. Um daginn hafði gengið á með skörpum s.v. regn-skúrum, gerði jafnvel haglél um hádegið, komum hér kl $2^{10}$ í nótt.

Nú er hér í Brandagili gott veð-ur, sólskin og s. gola. Við förum nú á Strandir að athuga vegmæl. Víðidalsá - Húsavíkurkleif og svo í vinnubúðir Ásgeirs Kristmundss. í Veiðileysufirði.

Már Viðar Másson    Jórunn Viðis
Úlfar Másson

2. sept 67 laugardag.

Tókum hús í Brandagili í N-A. sudda. Áttum hér ánægjulegt kvöld og hvíldumst með ágætum í nótt.

Vorum við veiðar á Holtavörðu-heiði og höldum til Reykjavíkur í dag sunnudag.

Með margföldum þökkum
fyrir húslánið.
Kristinn Kristinsson, Rvík.
Kristinn Kristinsson jr. —"—
Óli Einar Adolfsson —"—
Guðm. H. Adolfsson, Ömundarhorni, N. Reykja

Mældum í gær beina
línu á Brúarstaði yfir
Norðurá var heiðarþoka
Rigningarsuddi og þoka
var á heiðinni, en stjörnu-
bjart og norðurljósadýrð í
Hvítafirði
9. september 1967
Sig. Haukur Sigurðsson
Jón Hálfdanarson
Egill Jónasson, Skúrdal

27. sept. ´67, miðvikud.

Komum hér í Brandagil í nótt kl $1^{05}$ – Við gistum nóttina á undan í sæluhúsinu á Þorskafjarðarheiði. Þaðan fórum við í Ögurnes, til Kristleifs Jónssonar, komum þar um hádegi, skruppum á vinnustað að Skarði, svo strax til baka sömu leið. Komum við á Laugabóli í Ísafirði til Jóns Guðjónssonar ráðunauts og svo að Kirkjubóli í Langadal, í síma við vegam.stj. um Krossnesveg á Barðaströnd. Þá um Þorskafjarðarheiði og Reykhólasveit með viðkomu hjá Magnúsi Ingimundarsyni út af lagningu jarðsíma um sveitina. Fórum Tröllatunguheiði og vorum í kvöldmat á Hólmavík kl. $7^{30}$. Þaðan til Ásgeirs í vinnubúðir hans í Bjarnarfirði. Þaðan fórum við kl. 10 um kvöldið og létum ekki fyrr en í Brandagili kl $1^{05}$ nótt. Höfum þá farið þann dag um 500 km.

Héðan höldum við austur í

Þingeyjarsýslu, til Húsavíkur.
Jórrð Víðis   Már Viðar Másson

30. sept. 67. fimmtud.
Við komum að austan kl. 11³⁰ fyrir miðnætti, verðum hér í nótt, höldum heim í fyrramálið.
Jórrð Víðis   Már Viðar Másson

31. maí 1968
Gistu
Guðm Arason
og Stefán Reynir Kristinsson

Komum hingað úr Rvk. laugardag 1. júní og verum hér um hvítasunnuna. Höfðum mjög gaman af dvölinni hér, í góðu veðri og sólskyni meðan annars staðar á landinu rigndi. Förum héðan aftur á mánudag 3. júní.

Már V. Másson og Þórdís Richardsd.
Guðni Gunnarss. Helga Jónsdóttir

5. júní 1968

Í gærkvöldi kl $10^{40}$ kom hér 9 manns að sunnan í 2 bílum R 7293 og R 14764. Hópurinn lagði af stað úr R.vík kl 5.

Sunnan heiðar var bjart veð-ur, allhvasst með köflum, sólar lítið. Á Holtavörðuheiði greifði ísþokan yfir öllu og lesti hvít-u hrími á strá og steina.

Í Hrútafirði létti þokunni, en hér er kalt.

Öllum líður vel

Áfram halda norður:

Jón Viðis

María Viðis Jónsdóttir

Jakob Hálfdanarson

Margrét Sveinsdóttir

ARNE HALLSTEINSEN, NORGE, på veg til arbeide på Kisilvegur.

Suður héldu aftur, eftir ágæta nótt og mikla kjötsúpu:

Þorvaldur J. Þorvaldsson Steinunn Jónsdóttir

Jón Þór Þorvaldsson.

HERDÍS SIF

27. júní 1968

Komum hér í gærkvöldi úr Reykjavík á leið til Húsavíkur. Þá voru hér fyrir 4 mælingam. sem fluttu sig yfir nóttina.
Kalt og þoka, og ís á fjörð-inum.

Ari V. Másson
Hrafnkell Hall.
HAFSTEINN
Þóra Þorvaldsdóttir.

29. júní 1968

Komum hingað fyrst föstudaginn 7. júní og höfum haft hér bækistöð okkar síðan, utan að við skruppum til Rvíkur um eina helgi. Fyrstu vikuna var hér sunnanátt og allgott veður en síðan þá og allt þar til í gær hefur verið norðan blástur og stundum snjór og frost svo okkur hefur óað við.
Við höldum nú til Reykjavíkur og þökkum kærlega fyrir dvölina hér í Brandagili.

Stefán Reynir Kristinsson
Pétur Pétursson
Jón Kristinn Sólnes
Rögnvaldur Ólafsson

30. júní 1968

Komum hér í gærkvöldi austan frá Húsavík.

Sýslumaður Þingeyinga og frú hans fylgdu okkur í Skaptahlíð í Dalsmynni og borðuðum við

þar hjá þeim miðdagsmat.
Frá Skaptahlíð héldum við um kl 3 og komum hér í Brandagil rúm. kl 9 að kvöldi
Veður á Húsavík var mjög gott skínandi sólskin og logn.
Við höfðum daginn áður ekið á Húsavíkurfjall, þar var blæjalogn uppi og sólskin og sást vel til allra átta frá hringsjáni
Sama góða veður helst austur sýslur, hér í Hrútafirði var sólarlaust og logn, veðurstofa sagði +10 stig á Þóroddsst.
Íshrafl er víðast við Norðurland með ströndum fram, mest í Hrútaf.
Hér í Hrútafirði er nú +.2°
og íspoka, hráslagaveður.
Við höldum suður kl 11 f.h
Jórunn Viðis, Már Viðar Másson
Þóra Þorvaldsd.
María Víðis Jónsdóttir
HAFSTEINN 8 ára

10. júlí 1968.
Komum hingað í gærkv.
eftir 243 km. akstur frá
Eiríksg. 4. Komum við í
Stardal (3 km) ókum svo
Kaldadal og Hálsasveit.
Veður var mjög gott alla
leið. Þegar komið var á
Holtavörðuheiði kólnaði
nokkuð enda talsverður
hafís á Hrútafirði.
Sváfum vel hér í Brands-
gili eftir erfiði helgar-
frísins. Um morguninn
var hér 10°C hiti og
dálítil rigning.

Sig. Haukur Sigurðsson
Egill Jónasson Stardal
Einar Valur Ingimundarson

13 júlí.

Margar minningar bárum við eftir vegum Vestfjarðahjálkans, þar til við komum hingað í sólareitinn og svifum loks af miðarsvefða-dósum, létum gömu gnauða og höfðum í framin sterka leiki. Öll voru kynni okkar hagstæð, enda þýðar vindur af hafi með úrðarlausum sólblettum á himni. Höldum nú að Reykjahóla hvar við munum starfa á bekkjarsystrum okkar frá því í vetur, sem vinna þar. Fíflum víða.

postulinn reit: Hafn Gunnlaugsson
Davíð Oddsson.
Örn Þorláksson

20 júlí 1968

Komum hér í Brandsgil í gærkvöld kl. 12.40 e. miðn. af Ströndum úr vinnuleiðinni Ásgeirs Kristmundssonar við Hólmavík, en þar hittust Ásgeir, Þór J. Víðis, sem vísaði á lykilinn að Brandsgilsskála, Sigurður Hauksson og við. Höfum ferðast eftir Strandavegi norður fyrir Djúpuvík og tók ferðin tvo daga. Nú verður haldið suður yfir Hattavörðuheiði en frekar á allan [illegible].

Dvölin hér í Korkonni hvíld eftir fjallalíf heillar viku, en skálinn hér er hlýlegur og aðbúð hin besta. Kærar þakkir

Erlingur Dagsson
Ragnheiður Jónsdóttir
Einar Örn Erlingsson

2. ágúst 1968

Veður er hér gott, likl. 10° hiti, þurt en sólarlaust, þungbúið veður
Komum hér í gærkvöldi eftir miðnætti, höfum síðastliðnar 3 vikur verið á Vestfjörðum, í Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu, erum nú á heimleið til Reykjavíkur.

Jorrð Viðis Úlfar Másson
Mikið Viðar Másson

6. ágúst 1968.

Komum hér í gærkvöldi í góðu veðri, hitast. 15° hiti, á leið til Siglufjarðar og þaðan er ætlunin að fara Suður Fjallveg. Þökkum fyrir næturgistinguna.

Guðm. B. Þorláksson. Flateyri.
Ólafía G. Hagalinsdóttir. — " —
Lyrin Þóra Guðmundsdóttir — " —

10. ágúst '68.
Áðum í Brandagili stutta stund
í dýrðlegasta sumarveðri.
Neyttum góðs matar og hvíldum
ferðlúin bein. Erum á leið í
Ölvesvatn á Skaga, til veiða.

Kristinn Kristinsson, Kópr.
Bergljót Kristinsdóttir – „ –
Guðrún Bjarnadóttir
Hreinn Jóhannsson
Guðrún Hreinsdóttir
Geirþrúður Kjartansdóttir
Anna Bjarnason
Páll Á. Björnsson Kópav

21. ágúst 1968.
Komum kl $16^{30}$ á leið frá Húsavík til Barðastrandarsýslu og Reykjavíkur. Stönsuðum eina klukkustund og neyttum nestis.
Þurrt og svalt n.a. gola
Sigríður og Jóhann Skaftason

24. ágúst 1968.
Enginn ræður sínum náttstað. Ætluðum að gista hér, en vegna óhapps tengdaföður, sem var okkur samferða á sínum bíl, komumst við ekki lengra en í Borgarnes. Skiljum hér eftir sóp m.m.
Erum á leið á Vestur-Öræfi eða Hornbrynju
Egill Stardal og Jósep Ólafsson eru 4 tímum á eftir okkur
Sig. Haukur Sigurðsson
Guðrún Kristinsdóttir
Trausti Sigurðsson.

26. ágúst, gistum hér í nótt, komum úr Barðastrandarsýslu. Nú er víða heitt hér á landi, m. a. 17° á Mána og í Vopnafirði. Síðustu daga hefur verið stórrigning og féll m. 30 m. breið skriða milli húsa á Bíldudal, tók með sér 2 hjalla.

Jónas Víðir Sigurðsson og Jóhann Skaptason
Már Víðir Másson
Úlfar Másson.

31. ágúst 1968. Komum hingað í gærkv. kl. 8 frá Mývatni. (Reykjahlíð) Mikið vatnsveður var alla leið hingað Hvergi gerð tilraun til að hafa vegi krýpta, svo þeir eru einn vatnselgur. Erum nú á leið til Rvk. með fjögur hreindýr. Sudd.

Sig. Haukur Sigurðsson
Þrándur Sigurðsson
Guðrún Kristinsdóttir.
Sigurður Þorri

3. september 1968

Komum hér í gærkvöldi kl 8⁰⁰,
þá var regnsudd, en hlýtt í veðri
Jón J. Víðis Jón Halfdanarson
Úlfar Másson
Við höldum til Ísafjarðar í dag
Komum frá Reykjavík ásamt
framanskráðum. Höldum til Húsavíkur
Sigríður og Jóhann Skaptason

11. september 1968.

Lagði af stað frá Reykjavík kl. 11⁰⁰
í morgun, áleiðis í Hamarsfjörð á
Austfjörðum. Kom hér kl. 14⁴⁵ og
stanzaði í rúma ½ klukkustund til
þess að snæða nestið mitt. Hér
er ágætis veður, sólin er að brjótast í
gegnum skýin, nokkur gola er og fremur
svalt. Nú hef ég lagt að baki mér
um 230 km leið, en framundan eru
samt 660 km. Fer bara til Húsavíkur
í nótt. Kemst í Hamarsfjörð annað kvöld.
Jakob Halfdanarson

28./9 1968

Gistum hér í nótt. Komum úr Mjóafirði, þar hefur Ármann verkstj. sínar vinnubúðir.

Nú er vegur bílfær þarna alla leið fyrir Litlanes í Litlaneshraun. Þar eru 2 ýtumenn að glíma við tröllaukið framhraun Litlaneshraun, þeir Bjarni í Hænuvík og Marinó, garpar. Undirbyggingu þessa vegar er þó langt frá því að vera lokið. Hinumegin Kjálkafjarðarmegin er vegur nær fullgerður í Kjálkafjarðarbotn og efni ýtt upp út fyrir Skiftá, komumst þangað á R1711. Þrjár voru í sumar smíðaðar á Mjóafjarðará, Kjálkafjarðará, Þverá og Fossá og Þingmannaá á sýsluveginum um Fjarðarnar, er nota á þar til vegur verður lagður með Vatnsfirði fyrir Hörgsnes

Höldum nú suður, veður svalt, en þurrt, regnlegt.

Jónas Viðis
Ólafur Magnússon
Jón Hálfdanarson

24. maí 1969.
Gistum hér 7 í nótt. Komum norður hingað í 2 bílum, eftir nokkrar tafir vegna smábílana í bíl Þorvalds, sem góðir menn í Borgarnesi gerðu við.
Komum hér á staðinn kl. 21⁴⁵.
Jón Viðir hafði lagt af stað kl. 13¹⁵ en Þorvaldur um 14⁰⁰. Hittumst við Ferstikluna og ókum saman í tjaldlaut undir Hafnarfjalli um kl. 17⁰⁰.
Veður var fallegt og milt alla leiðina, austan gola en smáskúrir á stöku stað.
Vegir í sérlega góðu ástandi og varla hvarf á nokkrum stað.
Fórum nokkur í kvöldgöngu niður undir sjó að heilsa upp á fugla og fjöru.
Gengum til náða um miðnætti.

Húsið kom vel undan vetri og ekki að sjá neinn raka eða aðrar skemmdir og svífum við vel hér öll í nótt.

Fáum okkur nú góða kjötmáltíð en

höldum síðan norður.
Jón Víðis, María-amma og Úlfar
sterki til Húsavíkur, en Þorvaldur
og fjölskylda ætla að koma hér
til baka í Brandagil í nótt.

Þorvaldur. Þorvaldsson
Jón Þ. Víðis
Guðrún Jónsdóttir
María Víðis Jónsdóttir
Herdís Sif
Jón Þór Þorvaldsson.
Úlfar Másson.

25-5-69 Vorum sjö norður hérðað. Lögðum frá
Brandagili um hádegisbil eftir áðurnefnda
kjötsúpumáltíð.
Skutumst á Sauðárkrók að skoða
1. áfanga af nýjum gagnfræðaskóla,
sem Þ.S.Þ. hefir teiknað með Stefáni
Jónssyni arkitekt.
Sáum einnig nokkuð á Blönduósi
og við Ána í Skagafirði. –

Veðrið var fallegt og bjart allan daginn
vindur norðlægur, ískrapi á fjöllum.
Hringdum frá Sauðárkróki í Jóhann
sýslumann að láta vita af okkur og
þá ákveðið að Jón Þór fái að slást með
í förina til Húsavíkur.
Leiðir skildu innst í Norðurárdal
um kl. 19⁰⁰. Héldu þá áfram norður:
Jón Vídalín, María, Úlfar og Jón Þór, en Steinunn,
Herdís Sif og Þ.S.Þ héldu í Brandagil aftur,
í fallegri kvöldsól og komu þar um kl. 23⁰⁰.
Í Brandagil voru þá komin hjónin
Jakob og Margrét, en þau höfðu lagt
frá Reykjavík um kl. 19⁰⁰.
Fengum okkur kvöldte og bita en
gengum síðan til náða og sváfum
öll vel til kl. að verða tíu.
Sól og gott veður. Dvöldum hér
við gilið fram eftir degi, en óku síðan
út í Hvammstangakirkju, þar sem 14 börn
voru fermd í dag og stórveizlur voru
í öðruhverju húsi! Ókum heim um
í Miðfjarðardal. Snæddum hér kvöldverð

og „hugguðum" okkur við lestur
og spjall fram eftir kvöldi. Gengum
til náða um kl. 23^00.
Ískrafl að lóna lei í fjörðunum, kaldi
af hafi, heldur svalt en bjart.
Nokkuð rætt um innsiglið, sem
opnast á nóttum en inn kemur
enginn hvað þá út — Draugur —!

„Draugur er einlægt handiðnamann
bössusmiða; draugur þýðir mis-
heppnuð upprisa, skuggi myndar sem
hefur eftilvill einhverntíma
verið lífs; nokkurskonar fósturlát
í universinu"

Dr. Godman Syngmann
í Kristnihaldi undir Jökli

Séra Jón: universið, það er nú vers
sem segir sex. —

26-5-69 Sváfum hér fimm góðum svefni.
Höfum nú snætt morgunverð og göngum
frá farskótum og húsi.
Stillt og hlýtt veður, aðeins þokuslæða
en sólin að brjótast í gegn.
"Orfáir jakar hér úti í firði, sem nú verða
að gefast upp fyrir vori og verða á ný
að söltum vessa.

" Sagt er fyrir vori veður flýi
hvergi þó hann flýi en færist ofar ..... "

Höldum nú suður eftir góða dvöl
hér.

Þorvaldur S. Þorvaldsson.
r. Steinunn Jónsdóttir
Herdís Sif Þ

24/5 - 26/5 Höfum dvalið hér í góðu yfirlæti yfir
1969 hvítasunnuna, sjá hér að framan.
Höldum nú í suðurátt.

Jakob Hálfdanarson
Margrét Sveinsdóttir

3.-6.-'69 Við komum hingað kl. 19⁰⁰ frá Reykjavík. Við erum á leið norður á Akureyri, einnig ætlum við að Mývatni og á Húsavík. Það hefur verið besta veður í dag og mjög mikið ryk á vegum, sem hafa verið allsæmilegir. Við fengum okkur kaffi í Hafnarskógi og einnig skruppum við inn í sæluhúsið á Holtavörðuheiði og rituðum nöfn okkar í dagbókina þar. Hér í Brandagili er alveg prýðilegt að vera, hreint og vistlegt. Ís er hér í firðinum og snjóskaflar á heiðinni. Við átum hér mikinn herramannsmat, kótilettur og kjúklingasúpu ásamt ýmsu meðlæti. Fórum að sofa kl. 10³⁰ og sváfum vel fram eftir nóttu, en þá vöknuðum við við högg og læti. Þegar við fórum að athuga þetta nánar sáum við nokkrar kýr sem voru með lömb sín við kofann og hafa þær líklega rekið hornin

í hann og það neið höggin sem við heyrðum. Eftir þetta svöfum við eins og rotaðir selir til kl. 11^00 í morgun 4. júni. Í dag er rok og mjög dimmt yfir. Klukkan er núna 13^07 og við förum alveg að leggja af stað til Akureyrar með viðkomu á Blönduósi. Við höfum lifað hér eins og blóm í eggi og þökkum kærlega fyrir vistina. Annars hlökkum við til þess að sjá Brandagil fljótlega aftur á leið okkar til baka suður.

Þórdís Richardsdóttir og
MÁR VIÐAR MÁSSON

9-6-'69 FÓRUM HÉÐAN Á AKUREYRI, OG FENGUM INNI HJÁ SIGRÍÐI SKAPTADÓTTUR, ÞAR ER HVASST-VAR Á TJALDSTÆÐINU. ÞAÐAN AÐ MÝVATNI EFTIR KÍSILVEGINUM, KOMUM VIÐ Á GRENJAÐARSTAÐ. VIÐ MÝVATN TJÖLDUÐUM VIÐ, ÉG FÓR Í BAÐ Í STÓRU-GJÁ, OG VIÐ FÓRUM Í DIMMUBORGIR, OG GENGUM Á HVERFJALL. ÞAÐAN HÉLDUM VIÐ Á HÚSAVÍK.

FÓRUM EYSTRI LEIÐINA, UM NÁMASKARÐ, KELDUHVERFI OG TJÖRNES. Á HÚSAVÍK TJÖLDUÐUM VIÐ Í GARÐINUM HJÁ SIGR. VIÐIS. HJÁ HENNI VORU JÓN VIÐIS, AMMA VIÐIS, ÚLFAR MÁSSON OG JÓN ÞÓR ÞORV. EFTIR HÁDEGI HÉLDUM VIÐ Á AKUREYRI, ÞAR SEM VIÐ TJÖLDUÐUM, OG FÓRUM Í BÍÓ. ÞAÐAN KOMUM VIÐ HINGAÐ Í GÆR KVÖLDI, VORUM HÉR Í NÓTT, OG ÞÖKKUM FYRIR ÞAÐ.

FENGUM GOTT VEÐUR ALLA FERÐINA. Í GÆR RIGNDI AÐ VÍSU Í HRÚTAFIRÐI, EN Í DAG ER SÓL OG ÁGÆTT VEÐUR. MIKILL ÍS Á FIRÐINUM, SVO OG Á HÚNAFLÓA.

Már Viðar Másson
Þórdís Richardsdóttir

11.-13. júní Komum að kveldi 11. júní og gistum hér í tvær nætur. Í gær gáfumst við upp að mála á Holtav.heiði vegna snjókomu. Í morgun 2°C hiti.

Sig. Haukur Sigurðsson
Stefán Reynir Kristinsson
Rögnvaldur Ólafsson

24.6.'69 Steinunn og Sigríður Pétursdóttir í ferð með 2 börn sín í sveit. Hljóðdunkur féll undan bíl Sigr. á leið norður í gær og töfðumst við í 3 klst. í Borgarnesi. Komum hér við um kl. 17^00 og drukkum. Komum að Gunnsteinsstöðum, þar sem Jói þar átti að verða eftir, um kl. 20^00. Jói lasinn með hita, höfuðverk og beinverki. Þóra Sæmundsdóttir átti að fara að Þverá í Akrahreppi, og komum við þar kl. 21^15. Þáðum við þar góðar veitingar og héldum af stað suður kl. 22^00. Ferðin gekk vel og komum við hingað kl. 01^00 Svöfum vel um nóttina. Borðuðum kjötsúpu og kvöddum Brandagil kl. 12^00. Vegir góðir, gott veður. Þökkum.

Steinunn Jónsdóttir
Sigríður Pétursdóttir

EINAR ÓLESSON

26. júní. Það er ekki laust við, að vér finnum til nokkurs vanmáttar, þá fer vér tökumst á hendur að fremja ritsmíð í bók þessa, en undir áhrifum og ágætri leiðsögn frá fyrri ritsmiðum, viljum vér greina frá því helzta:

Klukkan 02 komum við á Brandagil og vorum þreyttir eins og gamlir vagnhestar. Svo sofnuðum við og sváfum eins og rotaðir selir, og núna erum við vaknaðir eins og nýslegnir tei-skildingar. Við sváfum vel, en í nótt heyrðum við högg og brak, og samkvæmt reynslu fyrri gistenda, út miðlatriði hér á undan, héldum við, að þetta væru hornin á kindunum og lömbunum, sem snörruðu svo [illegible] kofanum, en það voru svo bara klessurnir, þegar við fórum að gá. Núna er Haukur að gá

inni bíl og svo ætlum við á Barðaströnd, þar er brúin á Brattabrekku er hrunin. Nú er 18 °C. Héðan höldum við kl. $10^{32}$ á Gilsfjörð.

Einar Valur Ingimundarson
Sig. Haukur Sigurðsson

23 júlí Dvöldumst hér eina nótt í góðu yfirlæti

Gunnar Jóhannesson
Gunnar Gunnarsson
Jóhannes Gunnarsson
Hadda Hálfdanardóttir

24. júlí Komum hér eftir að hafa janmað upp í nyrað á botnóttu stúlkukindinni og bitið hotelstýruna á Reykjum í fótinn. Svöfum fast þar til heimsku undir mölvaði spegil Hvítafjaðrar. Engan draugagang urðum við varir við, fyrir utan það að Ingólfur

drap einn, sem réðist á hann í nótt.
Husluðum við hann hér rétt hjá
og hrópuðum húrra fyrir forsetanum.
Höldum nú norður með þann
ásetning í huga að troða úlfaldanum
í gegnum nálaraugað.

Bornustu pallar
bless - takk
Hafur Gunlaugsson
Ingólfur Þorgeirsson

2.-3. ágúst 1969

Lögðum upp frá Reykjavík um kl. 6 að kvöldi laugardags fyrir „verzlunarmannahelgi". Fyrsti áfangi var Þingvellir, en þar var sungið í klukkustund, áður en haldið var á Kaldadal, en annar áfangi var Húsafell. Vegir voru góðir og Kaldadalsleið þurðugóð. Á Húsafelli voru litríkar tjaldbreiður svo langt sem augað eygði, en samkv.

upplýsingum í útvarpinu voru
þarna um 15 þúsund manns. Við
stönguðum stutt þar, en drukkum
okkar „kaffi" við Hraunfossa, en
Magga var alveg heilluð af fegurð
þeirra. – Þriðji áfangi var svo
Brandagil, en hingað komum
við um kl. 02⁰⁰. Sunnan heiðar
var sólskin og fagurt veður, og
mikifenglegt sólarlag um kl. 11.
Á heiðinni var þoka, en lágskýjað
hér og nýsleginn tún.

Allir sváfu í einum dúr
til kl. 11 án nokkurra barsmíða.
Borðuðum hádegismat, áður en lagt
var upp í fjórða áfanga, en hann
er Siglufjörður.

Lengi lifi Brandagil!

Jakob Hálfdanarson
Margrét Sveinsdóttir
Brynjolfur Ingólfsson

8. ágúst '69 Komum hingað frá Reykjavík eftir hálfrar fimmtu klukkustundar ferð kl. 20³⁰ (í gærkveldi). Tókum hér nátstað með góðu leyfi eiganda. – Vorum byrg af ljúffengum mat og nutum góðrar máltíðar. Gengum snemma til náða og féllum brátt í væran svefn við seyðfagran lækjarnið. – Risum seint úr rekkju í morgun og vorum lögð af stað kl. 11³⁰.
Leiðin liggur nú út í Fljót, og síðan væntanlega til Siglufjarðar og Ólafsfjarðar.

Kristinn Stefánsson.
Dagbjört Jónsdóttir
Guðrún Kristinsdóttir.

Kristinn.

TRAUSTI

12. ág. '69 Upphafi okkar ferðar er lýst hér á næstu opnu fyrir framan, en síðan höfum við dvalið í góðu yfirlæti á Siglufirði, Akureyri, Skaftahlíð og Húsavík, en þaðan komum við í gær. Veður hefur verið indælt allan tímann og höfum við notið sumarleyfisins vel. Ekkert hafði rignt á okkur fyrr en í gær, á leiðinni hingað, en á þennan ágæta stað náðum við skömmu eftir miðnætti í nótt. Hér rigndi dálítið en veður var milt, og lækurinn var í miklum vexti.

Í dag er skýjað, lækurinn nokkru minni og sólin er að reyna að brjótast í gegnum skýin. Við sváfum vel eins og alltaf hér, og höldum nú til Reykjavíkur, með nokkurri viðkomu í Borgarfirði.

Margrét Sveinsdóttir
Jakob Hálfdanarson.

13-8-'69. Áðum á leið norður Strandir og drukkum hér miðdagskaffi:
Rögnvaldur Jónsson
Jón Víðis.

13–14 ág Steinunn Jónsdóttir ásamt Herdísi Sf og Þorvaldi Björns komu hér kvöldið 12 ág úr Reík og um miðnætti bættist í hópinn Þorvaldur S. er kom norðan úr Refasveit. Sváfum hér í góðu yfirlæti. Fórum 13. ág í Langadal að sækja Jónfrú sem hefir verið í sveit á Gunnsteinsst. Höfðum hér aðra góða nótt.
Í dag 14. ág er gott veður hlýtt með sólfari en rigndi mjög í gær. Ökum norður strandir yfir Vatnadrangaheiði og að Staðarfelli á Fellsströnd
Þorvaldur S. Þorvaldsson x5.

14-15 ág.

Komum hingað kl. eitt eftir miðnætti yfir Laxárdalsheiði. Að fengnum svefni héldum við af stað upp á Laxárdalsheiði aftur en á henni ætlum við að gera vegkönnun.

Snæbjörn Kristjánsson
Ari Viðar Másson

18-19 ág.

Komum hér við á leið okkar á vinnustað í Skagafirði og Eyjafirði. Settum fatahengi upp um kvöldið, en sváfum um nóttina

Biðjum að heilsa
Ari Viðar Másson
Snæbjörn Kristjánsson

19-ág.

Áðum hér eftir vel heppnaða ferð frá Minni-Brekku í Fljótum, þar sem Kristinn verður í sveit um sinn. Drukkum kaffisopa, sem yljaði okkur vel, því all hráslagalegt er nú við Hrútafjörð. Ferðinni er heitið áleiðis að Varmalandi í Borgarfirði. Á

morgun náum við vonandi á leiðarenda – heim til Reykjavíkur
Þökkum gott húsaskjól.
Guðrún Kristinsdóttir.
Trausti Sigurðsson –
Dagbjört Jónsdóttir
Kristinn Stefánsson.

24. 8. Drekagil – Brandagil. Ólík, en partur af Íslandi þó. Frá Drekagili í Öskju hefur leið okkar legið um Kröflu – Mývatnssveit – Húsavík – Ljósavatnsskarð – Flateyjardalsheiði.
Gistum í leitarhúsi, Flateyjardalsheiði síðastliðna nótt. Komum hér um miðnætti í sunnan strekking og vatnsveðri.
Eftir notalegt kvöld höldum við heim í Smiðshúsi, Álftanesi.
Þökkum.
Manfreð Vilhjálmsson
Erla Sigurjónsdóttir
Sigurjón Már Manfreðsson
Vilhjálmur Már Manfreðsson.
GUNNHILDUR

14/6 70. Undirritaðir Lions-menn og fjölskyldur drógum hér niður fæti á suðurleið af XV. umdæmisþingi Lions á Blönduósi.

Kristinn Kristinsson
Guðrún Sveinsdóttir
[illegible]
[illegible]
Magnús B. [illegible]
Guðrún Sveinsdóttir
Sigurður Kjartansson

3. júlí '70 Áðum hér [illegible] á leið suður
Kristján Þórarinsson
Magnús Haraldsson
Már Birkir [illegible]

10 júlí '70 [illegible] [illegible] í [illegible] í [illegible] og [illegible] [illegible] í [illegible]. [illegible] [illegible] [illegible] vel hér. [illegible].

Már Birkir [illegible] Magnús Haraldsson
Kristján Þórarinsson
Katrín Arnkelsd. og Anna.

29. júlí '70 Höfum dvalist hér tvær nætur, meðan unnið var að mælingum um Síká. Norðangjóla hefur verið og dálítil úrkoma í morgun. Höldum nú á Blönduós og þökkum kærlega dvölina.

Jón Ar. Sólnes
Stefán Reynir Kristinsson
Rögnvaldur Ólafsson

30. júlí '70. Komum hingað í nótt kl. 2°° Hugsuðum með hlýju til gestgjafans, þegar við gengum inn í hlýlega, litla húsið hans. Vorum hvíldinni fegin, eftir þreytandi akstur á mjög slæmum vegi frá Reykjavík (Kópavogi). Nutum svefns og hvíldar og förum héðan í léttu skapi áleiðis til Akureyrar. Þaðan er ferðinni heitið í Egilsstaði og endastöð er Norðfjörður. Þar eigum við stefnu-

mót við hetjur hafsins. Hugsum gott til endurfunda í bakaleið við búálfa í Brandagili.

Hildur Hálfdanard.
Hálfdan Þór Karlsson.
Ásgeir Guðjónsson.
Helga Karlsdóttir

2-8-'70 Komum hingað í gær, að sjálfsögðu í rigningu, en þessa verzlunarmannahelgi rignir alsstaðar á landinu, nema fyrir austan (30° hiti í Atlavík). Förum héðan í þeirri von að takast megi að tjalda í Borgarfirði í góðu veðri í kvöld. Þökkum fyrir

[illegible]

Þórdís Richardsdóttir
HELGA JÓNSDÓTTIR
Guðni Gunnarsson

8. ágúst '70 Höfum dvalið hér tvær nætur og unnið mælingar í Biskupsbeygju og um Hæðarsteinsbrekku á Holtavörðuheiði. Fluttum með okkur hingað í Brandagil tvær dínur lélegar úr Borgarnesi og komum þeim fyrir höldum nú að Hnausakvísl í A-Hún.

Stefán Ragnar Kristinsson
Rögnvaldur Ólafsson

9. ágúst Dvöldumst hér eina nótt.
Hadda Hálfdanardóttir
[illegible]
Jóhannes Gunnarsson.

10. ág. '70 Góðan dag! Í dag skín sól í heiði eins og alla tíð, síðan við yfirgáfum Brandagil 30. júlí s.l. Austurlandið fagnaði okkur með sól og hlýju úti og inni. Erum búin að aka kúml. 2 þús. km. og allt gengið eins og í sögu. Svefnstaðir hafa verið í þessari röð: Brandagil –

Akureyri - Eiðar - Neskaupstaður - Atlavík - Nesk. st. - Eiðar - Reykjahlíð - Húsavík - Akureyri - Brandagil.
Í Brandagili að búa er bezta hnoss, við kveðjum nú staðinn og þökkum fyrir oss.

Hildur Hálfdanard.
Hálfdan Þór Karlsson.
Ásgeir Guðjónsson.
Helga Karlsdóttir

19. ág '70 Sól lítil og logn hér í dag. Komum í nótt frá Fossabúðum í Rafjasveit við Laxá ytri, þá einnig kyrrt veður og hlýtt.
Áætlun dagsins: Kleppjárnsreykir - Reile.

Þorvaldur Þorvaldsson
Ragnar Vilhjálmsson
Manfreð Vilhjálmsson (hand)
Ólafur Jensson

1. sept. '70 Komum hér til 9 að kvöldi. Sunnan heiðar var þurt veður, sólarlítið, svalt; hjá Fornahv. tók að rigna nokkuð, grátt var á háheiði utan vegar.

Indælt húsaskjól hér,

Höldum á morgun austur sýslur til Húsavíkur

Jón Þ. Víðis. Jón Þ. Þorvalds.
María Víðis Jónsdóttir

3. sept. '70 Stanzað hér augnablik í sunnan golu og sólskini. Kem frá Djúpadalsá í Skagafirði, en þar var verið að steypa brú. Geisist nú heim á leið á nýja „Citroën"-bílnum mínum, sem er stórkostlegt farartæki.

Jakob Hálfdanarson

14/9 70 Kom hér og fékk lánaða dýnu til þess að hafa í tjaldi hjá Jónasi Gíslasyni brúarsm. við Síká en það á að byrja að steypa yfirbygginguna á nýju brú á morgun

15/9 70 Dýnu skilað í sól og blíðu 11°+ í dag lágmark í nótt ÷4°

Jakob.

20/9 70 Komum hér í gær kl 8½ austan frá Húsavík, sýslumannshjónin þaðan fylgdu okkur yfir Öxnadalsheiði. Bjartviðri allan daginn og skínandi sólskin í Skagafirði og í Húnavatnssýslu. Jón Þór Þ. heilsaði upp á kunningja á Gunnsteinsstöðum, en þar var hann í sveit sl. sumar.

Í dag hefur Jón Þór af miklum dugnaði málað þakið á Brandagilssaluhúsi, hvanngrænt, í skínandi sól.

Heim höldum við eftir ánægjuríkan dag kl 3⁰⁰.

Jónr. Víðis
Maria Víðis Jónsdóttir
Jón Þór Þorvaldsson.

30/6 '71 Fórum frá Reykjavík, Hába 39. kl. 5 síðdegis. Stönsuðum vestan við Kiðafellsá, við lítinn læk í skínandi sólskini og nutum miðdegishressingar. Fórum Geldingadraga og Hestháls og efri leið um Borgarfjarðardali. Renndum í hlað í Reykholti og Varmalandi. Fengum þoku á Holtavörðuheiði. Komum hingað í Brandagil kl 11, milt og gott veður.

Jón Þ. Víðis   Auður Víðis Jónsdóttir

María Víðis Jónsdóttir

Þorvaldur Þ. Þorvaldsson

1. júlí, '71 Komum við í Brandagili á leið okkar til Magnúsar Guðm.ss vegaverkstjóra á Ströndum, sem er, með vegavinnubúðir í Gutlangsvík. Eigum við að kanna og mæla nýja línu, Hrísvíkurkleif–Vitidalsá, þar eð fyrri mæling þykir of dýr. Förum héðan í suðið um fimmleytið, og hlökkum ákaft til að bremsa norður

Strandir í fína, fína "SKODA" bílnum
okkar, sem er alveg stórkostlegur.
Einar Valur Ingimundarson
Magnús Haraldsson

3.7.71 Komum þriðja kl. 3 (um nótt) og
förum þriðja kl. 9 (um morgun)
á leið í Laxá í Refasveit og ætlum
okkur að fá hann.
Veður er milt, skýjað og grátt á jörðu.
Manfreð Vilhjálmsson.
Ragnar Vilhjálmsson
Ólafur Jónsson J.

7.7.71 Ókum hér suður heiðar í miðnætursglóð,
áttum hér góða nótt.
Höldum suður eftir góða máltíð.
Veður í gær stillt og hlýtt, en í dag
ágætlega milt, gola a.m. skýjað.
Þorvaldur Þorvaldsson
Ólafur Jónsson
Manfreð Vilhjálmsson

12-7-71. Komum frá Reykjavík í gær kl. 8 og gistum hér í nótt, í dag er þoka og súld og við leggjum af stað til Akureyrar kl. ½1, en þaðan förum við á Mývatn, Egilsstaði og Húsavík og ætlum svo að gista hér aftur á heimleiðinni. Við þökkum innilega fyrir risnuna í þessu hlýlega og hreinlega húsi

Maria Erla Mårsdóttir

Ingólfur Sigurðsson

15.-7.-71 Leit hér aðeins við á leiðinni. Er á leið til Blönduóss. Fer suðurum aftur á morgun. Hér er allt hreint og fínt. Sólin skín í heiði og hiti er +15° í skugga, vindur er nokkur af nordvestan.

Jakob Hálfdanarson

16-7-'71 Kem frá Guðmundi Gíslasyni brúarsm., en hann er að brúa Breiðavaðslæk hjá Blönduósi. Er á leið til Jónasar Gíslasonar brsm. sem er að byggja 118 m brú yfir Norðurá hjá Haugum. Til Reykjavíkur í kvöld, Hornafjörð á morgun.
Áði hér á þessum ágæta stað í glaðasólskini og hlýju og drakk kaffið mitt hér sunnan undir húsinu í skjóli fyrir norðan strekkingi.
Jakob Hálfdanarson.

23.7.71. Komum hér kl. 10 frá Akureyri á leið suður og gistum í logni en alveg skýjuðum himni, núna er klukkan 12, og við erum að leggja af stað aftur.
María Ó. Rósadóttir
Ingjólfur Sigurðsson

29. júlí 71 Á suðurleið frá Húsavík
5 saman í Bronco. R-18670
Steinunn og Þorvaldur koma
norður um fjäll og jökla leið
þá er nefnd er eftir Gæsavötnum
undir Bárðarbungu í mynni
Vonarskarðs.
Systkinin hafa dvalið hjá sýslu-
mannshjónunum á Húsavík frá
því að við fórum hér norður um
30. júní.
Sól hefir verið með hópnum allan
tímann, en hér var í gærkveldi
þétta logn úði, en er nú að
skína upp með hlýju og birtu.

Þorvaldur Þ. Þorvaldsson
S. Steinunn Jónsdóttir
Jón Vídalín
Auður Vídalín Jónsdóttir
María Vídalín Jónsdóttir

21. ágúst '71 Á LEIÐ Í LAX OG GLEÐI VAR KOMIÐ AÐ BRANDAGILI Á ÖÐRUM TÍMANUM EL NÓTT. DUMBUNGUR Í LOFTI OG SKYGNI Í MINNA LAGI.

Ólafur Finnsson
María Guðmundsdóttir.
Jón Gr. Guðmundsson.

30. sept. '71 Förum frá Reykjavík kl. $9^{45}$ að kvöldi í regnsudda. Fengum hríðarhraglanda á Holtavörðuheiði. Komum í Brandagil kl. $12^{45}$, en þá var logn og snjólaust og hiti +2°C. Um nóttina varð ÷2°C.

1. okt. '71 Jakob H. hélt áfram út á Vatnsnes, þar sem verið var að steypa nýja brú á Þórsá, en kom aftur um kvöldið. Jón var eftir í Brandagili og hvítmálaði húsið utan. Jörð var grá af snjó þennan morgun, en snjórinn hvarf um hádegið. Hiti varð mestur 6°C.

2. okt. '71 Vorum báðir fram eftir degi að mála svarta lista en urðum að hætta sakir rigningar.

Þorkell Sakaríasson, eigandi Brandagils
kom aleins og valdi við okkur.
Förum að leggja af stað til Reykjavíkur
kl. 6 e. h.

Jakob Hálfdanarson

Jörmd. Víðis

E.S. Huldumaður hefur verið hér
á ferð og skilið eftir fjölda af dag-
blöðum frá 5. og 6. september. Hann
hefur gleymt að skrá sig í gestabókina.
Sjái hann einhvern tíman þessar línur
er hann beðinn um að skrá sig hér undir.

5. okt. '71 Lögðum af stað frá Reykjavík
kl. $8^{15}$ að morgni, komum að Norðurá
hjá Haugum kl. $10^{\underline{0}}$ og dvöldum
þar fram á kvöld, en þar var
Jónas ~~Bjarni~~ Gíslason að steypa síðasta stöpulinn
undir nýju brúna, sem er 118 m löng
(36+46+36) eftirspennt bitabrú. Komum

hér kl. $9^{30}$ um kvöldið. Mikið rigndi sunnan heiðar, en hér var smá úði annað slagið og hiti mældist +9°C.

6. okt. '71 Eins og vant er sváfum við prýðilega hér. Jón sauð hafragraut, sem við borðuðum áður en við fórum út til þess að fletarmæla nágrenni sæluhússins, en við það dvöldum við fram yfir hádegi. Höldum nú áleiðis til Húsavíkur, akandi á Citroën.

Jakob Hálfdanarson Jón Viðis

10/10 '71 Komum hér kl 10 um kvöld og drekkum kvöldkaffi. Komum frá Húsavík, erum á suðurleið. Hér er alautt, en í Langadal var mjög slæmur skafrenningur. Stjörnubjart, norðurljós, tunglskin og 3° frost

Jakob Hálfdanarson Jón Viðis

5. júlí 1972 Kom hér kl 3 í nótt frá Steinalæk í Holtum í Rangárvallasýslu. Fór um Þingvöll og Uxahryggi. Vegir ágætir, nema hvað nokkuð mörg hvörf voru á Holtavörðuheiði. Skýjað er og hiti 10-15°, smáþoka á Uxahryggjum og Holtavörðuheiði.

Kl. er nú 9[30] og erum við nú leið norður í Skagafjörð, að Sætúni.

Jakob Hálfdanarson.

9. JÚLÍ 1972 HÖFUM VERIÐ HÉR Í 3 NÆTUR. UNNUM VIÐ MÆLINGU Á NORÐURLANDSVEGI. ÚTI HEFUR RIGNT, EN HÉR INNI SKIN SÓL. Í GÆR KOMU HÉR HADDA HÁLFDÁNARD. OG FJÖLSK. VIÐ VÉKUM EKKI FYRIR ÞEIM, ENDA MEÐ BILAÐAN BÍL OG TJALDLAUSIR. ÞAU HÉLDU ÁFRAM NORÐUR OG KOMA VONANDI VIÐ HÉR Á SUÐURLEIÐ. VIÐ HÖLDUM Í SKAGAFJÖRÐ OG MÆLUM ÞAR

Már Viðar Másson
Jón Eiríksson frá Högluum.

14. Júlí 1972
72. Komum frá Mývatnssveit kl 8 um kvöldið og verum hér í eina nótt
Um morguninn höldum við af stað til Hafrarfjörðar
Hadda Hálfdanardóttir
Jóhannes Gunnarsson
Gunnar Jóhannesson

Samdægurs:

Visiterudumm Brandagil fyrir sita sakir. Höldum til á Borðareyri og mölum línur fyrir þorpið og einnig frá Prestbakka. Ekki er veður, en þó nokkuð hlýtt í þessu hlýlega húsi, sem tekur manni opnum örmum og er svo dómalaust lekkert og smart alltaf. Vit vekum ekki heldur fyrir neinum en förum saint
Gunnar Valur
Einar Valdimarsson

ENNÞÁ SAMDÆGURS: SÁRT BITUR SOLTIN LÚS,
EN HVÍ SVELTUR STRÍÐALINN?

Ingvar Ólafsson MÁR V. MÁSSON
Jón [illegible]

21. júlí 72

Komum hér í nótt kl. rúm 2
í blíðskaparveðri, suddi á heiði
förum á Strandir, Jakob hefur
erindi að Hrófá og Staðadalsá.
Þorkell Zakaríasson hefur í vor
komið upp vænu smáhúsi hér
nokkru ofar á túninu.
Nú er verið að endurbyggja
Norðurlandsveg hér um slóðir.
Jónas Viðar
Jakob Hálfdanarson

24 júlí '72

Komum hér til að skila hafðursetum og mela vegi. Vorum hér í nótt. Förum núna í Víðihlíð.

Úlfar Níelsson Már Viðar Másson Jón Helgason

27.7.'72 Ytirgáfum Brandagil eftir nægjusama blund kl. 5 að morgni í hreinræktuðu suðurnesjaveðri. Á leið frá Rvk - Akureyri - Siglufj. Bót að veðrið er einnig dásamlegra sydra, en höldum nú í átt til sólarinnar. Bestu þakkir.

Kristinn Kristinsson. Kópavogi
Guðrún Sveinsdóttir
Sveinn Kristinsson
Dagbjört Kristinsdóttir
Kristinn Kristinsson Jr.

29.7 '72 Komum hingað í gærkvöldi kl 9³⁰. Rigndi hafði meira og minna alla leiðina frá Reykjavík, en á Holtavörðuheiði norðanverðri sáum við fyrst bláan himinn. Hér í Brandagili er nú alskýjað, logn og 11.° hiti.

Höldum héðan til Siglufjarðar, en þar höfum við mælt okkur mót við Kristin Kristinsson og fjölsk.

Stefán Ragnar Kristinsson
Guðrún Þorsteinsd.
Ingibjörg Stefánsd.

2.8 '72 Komum hér úr Víðidal, og vorum að mala hér fyrir utan Brandagil fram á miðnætti, og Mái er að skrifa enn. Höldum til Reykjavíkur snemma í fyrramálið.

Ólafur Mágson Mái ... Mássan

13.8.'72 Komum hingað frá Flateyri við Önundarfjörð á leið norður í land og gistum hér í nótt. Veður s.v. kaldi rigning til fjalla, en hlýtt.

Guðm. B. Þorláksson.
Ólafía G. Hagalínsdóttir
ÓLAFUR VIÐAR HAUKSSON

16/8 - 18/8 '72 Komum frá Arnarstapa á Snæfellsnesi og ókum um norðanvert Snæfellsnes. Konur og börn dvöldu hér í góðu veðri, á meðan Jakob fór norður í Skagafjörð til vinnu. Höldum nú tilbaka á Stapann en þar á að dvelja til mánaðamóta og lína ber.

Margrét Sveinsdóttir
Þórunn Björk Jakobsdóttir
Jón Viðir Jakobsson
Hlynur Sveinn Jakobsson
Jakob Hálfdanarson
Margrét G. Björnsson

20.8-72 Komum hér í gærkvöldi í leiðinda veðri, rigningu og hvass viðri. á leið frá Akureyri til Reykjavíkur Okkur leið vel hér í nótt og þökkum við fyrir húsláanið

Marteinn B Þorláksson Flateyri
Ólafía G. Hagalínsdóttir — " —
Þorlákur Bernharðsson Bogahlíð 13 Rv
Þóra Guðmundsdóttir — " — — " —

22.8 1972 Komum hér í gærkvöldi á leið okkar frá Reykjavík norður til Húsavíkur. Veður á norðurleið var heldur leiðinlegt, hvasst og oft rigning, en í Brandagili var logn og blíða. Hér svöfum við fyrir byrgðum gluggum fram á miðjan dag og hvíldumst vel.

Jón Hálfdanarson
Jórunn Viðar
Hálfdan Þór Karlsson.

18. sept. 72. Erum á suðurleið frá bjartri sólveðri norðurlands.
Kvöddum sýslumannshjónin í Skagafirði í morgun eftir góða dvöl þar.
Hér er gjóða en rigningarlaust og skín í blátt.

Jónrð. Víðis

Þorvaldur Þorvaldsson

2. nóv. '72 Stanza hér á leið minni til Rvk. og drekk mjólk og borða meðlæti frá Húsavík. Kem frá Vatnsdalsá hjá Hnausum, þar áður Gilsá á Jökuldal, Brimnesá á Dalvík og Skjálfandafljóti hjá Fosshóli. Á öllum þessum stöðum var verið að steypa gólf á nýjar brýr.
Hér er allt grátt, hiti um frostmark og hríð annað slagið. Vegir allir eru glerhálir. Varð veðurtepptur á Grímsstöðum á Fjöllum, en annars hefur allt gengið vel. Legg nú á Holtavörðuheiði.

Jakob Hálfdanarson

15 des 72. Komum við á suðurleið frá Reykjaskála. Veður stórgott logn og hlýtt. Allt hér í góðu standi

Þorvaldur Þorvaldsson

Einar V. Tryggvason

Þorkell Erlingsson.

24. júní 73 Komum hingað frá Prestsbakka Hrútafirði.
Hér er allt þurrt og fínt eftir veturinn. Gott veður
Sig. Haukur Sigurðsson
Sigurður Þorri Sigurðsson.
Kristinn Rúnar Sigurðsson.
Hjartan Ólafsson

29. júní Sönnu menn og síðast komu hér við og hituðu matinn sinn vorum að mala við Selá
Sig. Haukur Sigurðsson
SIGURÐUR ÞORRI SIGURÐSSON.
Kristinn Rúnar Sigurðsson.

4. júlí '73 — Á heimleið norðan úr Refarveit og Reykjaskála.
Kalt og rigning úr norðri
Hér í húsi hlýtt og vel um gengið.

Þorvaldur S. Þorvaldsson. x3.

12 júlí '73 — Fórum frá Rvk. kl. 7 um kvöld. Ókum Dragháls og efri leið um Borgarfjörð framhjá Kleppjárnsreykjum og komum hingað kl. 11³⁰ alls 210 km. frá Hába 41
Skiljum hér eftir gaskút og tilheyrandi slöngu.
Kostnaður 3940 kr.
Á morgun er væntanleg sjálf eldunartækin, sem kosta ca 3000 kr.
Sig. Haukur Sigurðsson
Sigurður Björn Sigurðsson.
Þorsteinn R Sigurðsson
Kjartan Ólafsson

13/7-73 Lögðum af stað úr Reykjavík kl. 6 síðdegis til Akureyrar, Mývatnssveitar og víðar. Veður hvorki gott né vont, "ógeðslegaþokkalegt veður". Áður en við fórum hafði ég litið í stjörnuspá mína þenna dag, en þar sagði, að dagurinn yrði góður, einkum þeim, sem færu í ferðalag. Þó gæti hent smávegis óhapp, en ekki alvarlegt. Ég er unnandi allra dulvísinda og efaðist ekki um, að spádómurinn rættist. Beið því í ofvæni þess er verða mundi. Þegar kom í Hvalfjarðarbotn var svo við, að einn hjólbarðinn sprakk, og er rannsakað ~~kom~~ var nánar kom í ljós, að hann var með öllu ónýtur. Í Hreðavatnsskála keypti ég svo nýjan hjólbarða. Svo rættust bókstaflega hin dulspáku orð. Muni það allir lýðir. Að Brandagili komum við kl. 11 um kvöldið og þáðum þar náttstað í boði Guðrúnar dóttur. Loft var þykkt og rigning nokkur. Brutum við upp farangur okkar og komumst

þar margra grasa, enda hýjir úrvals
hins frelsjnar innital var, og vel búnir
allir sér. Sjá verum eins að tala og
nokkuð þröngt setið. En ekki kom það
að sök. Nóttin var alkyrr hæg, flestum
og ~~[illegible]~~ nutum góðrar veðrar og áttum ljúfa drauma.
Seint var vaknað og ferðinni
haldið áfram á hádegi (14/7).
Þökkum góða gistingu og aðbúð
alla. — Heill Brandagili.

Kristinn Stefánsson.
Dagbjört Jónsdóttir
Stefán Ragnar Kristinsson
Guðríður Þorsteinsd.
Ingibjörg Stefánsd.
Trausti Sigurðsson
Guðrún Kristinsdóttir

P.S. Ofanrituð vígðu nýju [illegible], sem bezt hafa í bú Brandagils. Við nutum yls frá þeim í ríkum mæli og vonum, að svo verði um aðra ferðalanga, sem hér gista.

G. Kr.

21. júlí 73 Notuðum nýju suðutækin og hituðum kaffi í garðinum en hafragrautur var etinn áðan. Ef einhver veit af gömlum potti eða pönnu, sem ekki er lengur í notkun á fimm stöðum væri athugandi hvort ekki væri hægt að nota slík tæki hér.

Komum frá Heydalsá og erum á leið til Rvk um Kaldadal, en þar er ætlunin að skilja Kristinu eftir við skíðaæfingar og e.t.v. þorra líka, en ég fer strax áfram til Rvk og verð hjá móður minni á Eiríksgötu 4.

Ætlunin er svo að fara aftur vestur á Strandir á mánudag.

Mjög gott veður.

Sig. Haukur Sigurðsson
Sigurður Þorri Sigurðsson.
Kristinn R Sigurðsson
Kjartan Ólafsson

23/7-'73 Komum hingað seint í gærkveldi frá Siglufirði. Veður alla leiðina eins og best varð á kosið, glaða sólskin. Áttum stutta viðdvöl á tveim stöðum í Fljótum og síðan á Sleitustöðum.
Vöknuðum snemma í morgun við ómþýðan nið bæjarlækkins, sem vakti ljúfar minningar sveitamannsins. Úti var sól og sumar og hiti mikill. Fórum öll í sólbað og nutum lífsins.
Um hádegisbilið er lagt af stað til Reykjavíkur.
Eigum góðar minningar um Brandagil.
Kristinn Stefánsson.
Dagbjört Jónsdóttir
Guðrún Kristinsdóttir
Trausti Sigurðsson

25. júlí '73 Kl. 4 s.d. nótt komu hingað í Brandagil menn, sem fegnir voru að mega hvílast hér. Vorum svona seint á ferð vegna þess að við fórum Kaldadal og ætluðum að ná í Kristin (atti að vera með einu enni í pokafalli) að Húsafelli. Komum þangað kl. 10³⁰ eftir 2½ tíma akstur frá Hæða 41 (112 km.)
Pétur var þá uppi í Langjökli og urðum við að sækja hann þangað. Allir þriggja klist töf. Fínasta veður. Förum héðan vel hvíldir og saddir.
Sig. Haukur Sigurðsson
Sigurður Þorri Sigurðsson.
Kristinn R Sigurðsson.
Kjartan Ólafsson

NB. Eigum fljótlega von á fólki og skiljum vitjandi eftir héðan frá.

30 júlí '73 VEL ER, MEÐAN VÍÐISSISTKYNIN EIGA HÉR LEIÐ UM, ER HALLA TEKUR AF SUMRI, Á NORÐURLEIÐ. AUÐUR VÍÐIS LIGGUR ÞÓ VEIK FYRIR SUNNAN.

ÞAÐ RIGNDI Á HOLTAVÖRÐUHEIÐINNI Í GÆR, EN NÚ ER BJART FRAM UNDAN, ENDA HEFUR EKKI GERT VONT VEÐUR Á N-AU LANDI Í MARGAR VIKUR.

MÁR VÍÐAR MÁSSON Jón Víðis
María Víðis Jónsdóttir

2. ágúst Komum kl. 20 hingað í Brandagil. Rigning en að öðru leyti gott veður. Hringdi úr sjálfsala í Staðarskála til Guðrúnar, sagði hún að Trausti færi í Kerlingarfjöll á morgun, en við förum snemma í fyrramálið suður Kjöl og í Kerlingarfjöll, þar sem fram fer skíðamót.

Sig. Haukur Sigurðsson
Sigurður Þorri Sigurðsson.
Kristinn R Sigurðsson.

3 ágúst

Hingað komu auk mín, ég, ég sjálfur, Herdís Þorvaldsdóttir móðir mín og Edda Kristjánsdóttir að norðan, en við höfðum dvalið síðustu dagur á Hvammskoti í Skefilsstaðarhreppi á Skagaströnd í Skagafirði, hvar ég hafði laxerað eftir laxi ásamt laxmönnunum mínum. Blunduðum yndislega. Kærar þakkir o.s.frv. Höldum suður.

Hrafn Gunnlaugsson.
Edda Kristjánsdóttir
Herdís Þorvaldsd.

Ps: skildum hér eftir þrefald hnífapör, sem við vonum að megi koma Brandagili að góðu.

6. ágúst '73

Komum í Brandagil kl. $22^{13}$ í gærkvöldi, Dóra, Alfred, Ásdís og Siggi. Veður var leiðinlegt á leiðinni, rigning og rok og vegur slæmur seinni hluta leiðar. Óskóp vorum við fegin að vita

af húsaskjóli hér í Brandagili og þökk sé eigendum. Aðkoma góð!

Ferðinni er heitið til Akureyrar, Húsavíkur og Mývatns, en þar að veðurútlit er mjög tvísýnt hér norðanlands, þá höfum við ákveðið að dvelja hér aðra nótt, því að hér er gott að vera.

Vegir í nágrenni Akureyrar eru mjög illa farnir vegna úrkomu og þulur útvarpsins sagði áðan að þeir væru rétt færir traktorum.

Hér í Brandagili hefur ekki rignt að ráði, en hér er kalt ca. 6° á celcius og norðanstrekkingur. Þrátt fyrir það líður okkur ósköp vel hér, og við látum ekki veðrið hindra okkur í að „grilla", þ.e.a.s að glóðarsteikja fína nautasteik. Ásdís og Siggi steiktu sínar pylsur á teinum og höfðu mjög gaman að.

Smágrín!!! Alli svaf í efstu koju s.l. nótt og var svo lofthræddur í morgun, að hann ætlaði aldrei að þora fram úr!

7. ágúst

Höldum áfram áleiðis til Akureyrar, þrátt fyrir leiðinda-veður þar. Yfirgefum Brandagil um hádegisbil.

Kærar þakkir
Halldóra Sigurðardóttir
Ásdís Olsen
[illegible] Olsen
Sigurður Olsen

11. ágúst

Komum í gærkvöldi um 10 leytið frá Akureyri. Blæjalogn og sólskin. Höldum nú vestur í Dali og suður til Reykjavíkur á morgun.

Þökkum gistinguna!
H. Sigurðardóttir
Sigurður Olsen
Ásdís Olsen
[illegible] Olsen

12 Agúst Komum hingað norðan úr Árneshreppi og gistum hér með leifi Sigurðar Hauks. Þökkum gistinguna

Árni Kjartansson.
Hulda Filippusdóttir
Árni Þór Árnason.
Sigurbjarni Þórmund
Kristín Þórmundsdóttir
Trausti Þórmundsson 2 ára
Þóra Filippusdóttir
Þórmundur Sigurbjörnasson

2. sept. '73 Hér svaf í nótt 7 manna flokkur
kominn vestur um heiðar og skörð frá
Fnjóskadal.
Upphaf ferðar er frá Húsavík um hádegi
1. september en þaðan lögðu upp sýslumaður
með Jón Víðis sér til halds en fast á eftir
fylgdi Þorvaldur S. með þær systur Sigríði
og Maríu Víðis.
Í Fnjóskadal var skipt út liði og
nýr liðsauki tók við forustu undir
stjórn Steinunnar Jónsdóttur og afkvæma
hennar, en hún leiddi hópinn farsællega
í húsaskjól hér um miðnætti.
Sýslumaður dvaldi liði sitt í
Fnjóskadal.
Hér er nú kaldi inn fjörðinn, en þurrt
veður.

Þorvaldur S. Þorvaldsson — Jón Þór Þorvaldsson.
Steinunn Jónsdóttir
María Víðis Jónsdóttir
Herdís Sif Þorvaldsdóttir
Jón Víðis
Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson

24. okt. '73 Hér var gott að á og drekka kaffi, á leið minni frá Rvk - Blönduós. Vegir eru eitt forarsvað. Vindur er hvass SV og miklir rigningaskúrir, þó er stjörnubjart og norðurljós, en koldimmt og hiti við frostmark. Hefði helzt viljað gista hér, en verð að halda út í myrkrið.

Jakob Hálfdanarson

Fyrstu gestir 1974.

11.-15. apríl 1974.

Lögðum af stað frá Rvk þann 11. kl 12 að miðnætti og komum hingað kl 4. Fundum út lykil og þurftum að taka hurð af hjörum. Kofinn í góðu standi eftir veturinn. Veður slæmt. rok og rigning en sólin gægðist af og til inn um gluggann til þess gefa [illegible] er hér dvaldist. Fórum til Rvk annan páskadag. Með þökkum

[illegible] Þorvaldsson Guðrún Anna Ingólfsd.
Þorkell Árnason [illegible] Guðm

17-18 maí 74. FÓRUM FRÁ RVK KL 9.05 Í BLÍÐSKAPARVEÐRI, HÆGUM SUÐAUSTANBLÆ OG BJÖRTU VEÐRI 10°C. VEGIR SLÉTTIR OG MJÚKIR LIKT OG BEST LÆTUR, FRÁBÆRIR. Á HOLTAVÖRÐUHEIÐI VAR SÓL, OG GOTT ÚTSÝNI Í ALLAR ÁTTIR.

SKRUPPUM Á STRANDIR OG RUPLUÐUM ÞAR REKAVIÐ.
STOPPUÐUM OG DRUKKUM KAFFI AÐ SNARTARTUNGU Í BITRU.
HÖLDUM HÉÐAN Í GRENJANDI RIGNINGU NA ÁTT KL ½11 OG EINNI MÍNÚTU BETUR. FERÐINNI HEITIÐ TIL REYKJAVÍKUR NORÐUR OG AUSTUR UM.

ATH. GAS SVOTIL BÚIÐ, EN AÐKOMA Í ALLA STAÐI GÓÐ.

HITTUM KELA ÞAKK.

BLESS.

Áslaug Gunnlaugsdóttir
Sigurjón Benediktsson

8. júní 74 Komum í Brandagil kl. 2¹⁵ að nóttu á leið til Raufarhafnar. eftir 6 tíma hvíld höldum við áfram

Valdimar Pálsson
förin fóru.

9. júní ÞÁÐI HÉR NÆTURGREIÐA Á HINU SAMA SUMRI ER FLEIRI HUNDRUÐ MANNA FLYKKTUST AÐ HELLU Í VATNSFIRÐI AÐ GIRÐA ÞAR GRÆNAN REIT. EINNIG MÁ ÞAÐ TELJA, AÐ LIÐIN ERU NÚ ÁTTATÍU ÁR FRÁ ÞVÍ AÐ HÖFUÐ OTTARINNAR LEIT FYRST DAGSINS LJÓS OG SÝSLUMAÐURINN Í S-ÞING. HEFUR ÞREYTT ÞORRANN Í HINSTA SINN Í ÞVÍ STARFI. ÉG ÓSKA ÞESSUM MÖNNUM ALLS HINS BESTA Á KOMANDI ÁRUM.

MÁR V. MÁSSON.

5. júlí '74 Áð í Brandagili frá kl. $02^{00}$ - $07^{00}$. á leið í veiðiferð norður á Skagaheiði. Veður hið besta, miðað við árstíma!

[illegible] Sigurðsson.
Kristinn Kristinsson

9. júlí '74 Stóðum hér við í eina klukkustund og snæddum. Komum frá Rok., förum að Flókadalsá í Fljótum í kvöld og síðan kringum land. Komum í þurrki, förum í grenjandi rigningu. Logn er og hiti 13°C.

Jakob Hálfdanarson
Margrét Sveinsdóttir
ÞÓRNÝ BJÖRK
Jón Viðis Jakobsson
Hlynur Sveinn Jakobsson

26/7-'74 Komum hér kl 5 í dag og ætluðum að vera í nótt. Hættum við það og förum nú kl 8 til Blönduóss. Það var gaman að koma hér og gott að dvelja hér og hvílast fyrsta þrjá tíma. Þökkum kærlega fyrir okkur Einar og Sigríður frá Stór[illegible]

7/8 '74 Komu hér tveir feðgar Hrafn og Örn að kvöldi seint, fundum lykil eftir mikla leit og drápum um 60 flugur sem brotist höfðu hér inn. Fengum

síðan á flugu í höfuðið að nota hnífapör sem sagt er frá á síðu 80 – en þau voru hvergi. Skildum því eftir tvö hnífa og einn gaffal, og vonum að þessi verkfæri fái að hvíla hér í friði. – Griljið ekki Brand, í Brandagili! – því það gæti þótt brandari.

Hrafn Gunnlaugsson
Örn Þorláksson

10/8 74 Komum hér frá Rvík að kvöldi dags kl um 10, bjart sunnan heiðar en blindþoka á heiðinni, hér í Brandagili er bjart og milt veður.

Jórunn Viðis og María Víðis Jónsdóttir eru á leið til Húsavíkur. Þorvaldur S. Steinunn og börnin aðla hringinn mikla.
Í dag 11. ág er logn, hlýtt veður og sólin að brjótast fram úr léttum skýjum.

Þorvaldur Þorvaldsson
Hrafnhildur S. Þorvaldsdóttir
Þorvaldur. B. J.
Steinunn Jónsdóttir

14/8 74 Komum hér um miðnætti ~~[illegible]~~ í gær úr Mývatnssveit. Leggjum núna upp í síðasta áfanga ~~okkar~~ ferðar okkar hringinn í Kringum landið. Vegir hafa verið misjafnir en veður alla jafna gott. Hér í Brandagili sváfum við mjög vel og erum því hress og kát.

Jón Hálfdanarson
Steinn Arnar Jónsson
(14 mánaða)
Kristín Steinsdóttir.

14/8. 74. Komum hér kl 8 í kvöld þá var hér ekkert gas en við höfðum með okkur lítið gastæki sem við hitum með. Við erum að enda 10 daga hringferð; hér stór ágætt veður.

15/8 74 Þegar við vöknuðum um 8 í morgun en þá vakti litla Sigga ungmennskapsins (17 mán) var svoleiðis sólarblettur hér en það var ekki nema í 1 tíma en þá kom smá súld en nú er ↵

að þorna upp og erum við að leggja upp núna um Fleiðið en eigum eftir að fara að Borðeyri að fá gas en þar eru þeir eftir, því að ekki er gott að hafa hitana staina þegar komið er að.

Þóra Þorvaldsdóttir
Sigríður Másdóttir
Hafsteinn Másson
Már Nikulásson

18/8 74 Komum hér í gærkvöldi eftir ferð úr Mývatnssveit, en leyfi til gistingar barst okkur eftir krókaleiðum. Þökkum við kærlega fyrir
Við erum á leið til Snæfellsness, en þar höfum við fengið jörð til ábúðar í eina viku, meðan húsráðendur eru fjarverandi

Björn Friðfinnsson Reykjahlíð, S.þ.
H. B.
Steinunn A. Björnsdóttir -"-
Leifur Björnsson -"-
Iðunn Steinsdóttir

19. sept. 74.

Komum frá Húsavík í dag en
þaðan lögðum við upp um hádegisbil
í glaðasólskini og fallegu veðri.
Föl var í fjöllum eftir svala nótt
og litir allir fagrir í gróðri og
landi.
Renndum við í Reykjaskála en
þar var vinna við, steypu sökkla
undir nýtt skálahús í fullum gangi.
Kl. er 20$^{00}$ og við búin að snæða
góðan kvöldverð, veður er stillt og
við leggjum nú á heiðina til suðurs.

Þorvaldur Þorvaldsson
Þorvaldur Bjarni
Jón Víðis (síðasta ferðin)
María Víðis Jónsdóttir

1975

6. júní Allt í lagi eftir veturinn. Húsavík – Reykjavík, leit við.
Jakob Halfdanarson

1 júlí Við vorum í nótt í Bifröst skruppum hingað rett til að líta inn vorðum í Bifröst næstu nætur, her er rakkuð lyns en haið ot regna óskaplega í Bifröst.
Þóra Þorvaldsdóttir
Sigríður Ólafsdóttir (2½)
Már Nikulásson

4. júlí Komum hingað kl. 1 eftir miðn. frá Rvk. á leið til Akureyrar og þaðan svo alltaf til hagni þangað til við komum til Rvk. aftur.
Þökkum fyrir neyru okkar hér:

Jón Þór Þorvaldsson. Guðrún Anna Ingólfsd.
Þorkell [illegible] — Kristín Hilmarsdóttir

11/7 Þökkum húsaskjólið.
Erum á leið fyrir Skaga í
lontuleit.
Kristinn Kristinsson
Sleitir Sigurðsson

24/9 '75 LEIT HÉR VIÐ. MVM.

2/7 76 Þegar síld og sunnanvindar sækja um dali,
þá er gott að eiga inni,
í Brandagili að þessu sinni.

Á leið í silungsveiði á Skaga.
Kristinn Kristinsson
Sleitir Sigurðsson.

5/7 1976 Kom hér við í morgunkaffi á
leið minni norður á ~~Blönduós~~, að
Laxá hjá Tindum. Tók upp þýzkan
ferðalang í Norðurárdal, sem reyndist
vera góðkunningi Jóns bróður, frá
Göttingen
Jakob Hálfdanarson
Karlheinz Gruum

6/7 1976 Steypt var í gær í stöpla nýrrar brúar á Laxá, þar sem hún rennur úr Svínavatni, A.-Hún., í 19 stiga hita, þó sólalaust væri að mestu.

Hef lokið snæðingi, held á heiðina

Jakob Hálfdanarson

16-17/7 '76 Svaf einstaklega vel. Skv. þessari gestabók hef ég ekki sofið hér síðan á bls. 69. Var á Seleyri í þjóra daga, en verið var að steypa stöpul nr. 2 undir brú yfir Borgarfjörð. Skrapp að Laxá hjá Tindum í gær. Fer nú heim.

Jakob Hálfdanarson.

19.-20. júlí '76 Lagði af stað frá Rvk. í kvöld kl. 7 með Akraborginni til Akraness, ók þaðan, kaffi á Seleyri, kom kl. 11. Er á leið að Héraðsvötnum eystri í Skagafirði. Þaðan eftir tvo daga til Kópaskers, en þar er verið að endurbyggja þrjár brýr sem eyðilögðust í jarðskjálftanum mikla í vetur. Viðkoma á Húsavík. Jakob Hálfdanarson

Legg upp kl. 7$^{30}$ eftir góða nótt.

24. júlí '76 Á bakaleið. Held nú á, eftir að hafa drukkið gott Húsavíkurkaffi í kvöldsólinni. Jakob Hálfdanarson

28 júlí 76 Kem norðan af ströndum. Hitti Sigurð Hauk og Kidda sem voru á leið í Kellingafjöll, og buðu þeir mér að vera hjá sér. Áttum þeirra breitist eftir vinstal heim, fóru þeir austur um kvöldið. Eg hef átt hér skemtilegt kvöld og góða nótt, við lestur Förunauta Guðmundar Kagalín.
Jens Sigurðsson St.-Sandvík

30 júlí 1976

GISTUM HÉR EINA NÓTT. ÚTI VORU ÞRUMUR OG ELDINGAR EN ÞAÐ VAR ALLT Í LAGI ÞVÍ INNI VAR HEYÐSKÝRT OG HLJÓTT

FYRIR UTAN HROTURNAR
Í DEDDA (KRISTINN KRISTINSSON JUNIOR)
ÞÖKKUM FYRIR VEITTAR
AÐHLYNNINGAR SEM
ÞÓ V OG FRÁBÆRA AÐSTOÐ
TIL ÝMISSA MYRKRAVERKA

Tryggvi Bill
Kristinn Kristinsson
Sigríður A. Gunnarsdóttir,

30/7 '76



Höfðum hér góða nótt
Már Nikulásson
SNÆDÍS.ERLA
Hafsteinn Másson

1 ágúst '76 Komum kl 10 að kvöldi frá Húsavík um Siglufjörð förum aftur í fyrramálið.
Þóra Þorvaldsdóttir + Sigríður Ólafsdóttir
Ægir Nikulásson (lét dýfuninn út í sólina)
Haflíun Mársson
SNÆDÍS ERLA (6 ára)   3 ára.

3-4/8 '76 Eftir nokkurra daga útilegu við Mývatn, þar sem við deildum veðurblíðunni, fegurð landsins og aðbúnaði öllum með mýgrút af yndislegum litlum skorkvikindum, var Brandagil kærkominn áningarstaður á leiðinni heim til Reykjavíkur.
Hér er hlýtt og hér er gott, og eftir ljúffenga kvöldmáltíð sváfum við vært, meðan þrumur og eldingar geisuðu um Hrútafjörð.
Og nú leggjum við í hann að loknum hressandi morgunverði, og biðjum gestgjöfum okkar blessunar

um ókomin ár.
Við þökkum þér, Brandagil!

Ragnheiður Steindórsdóttir
David Hallursson

7. ág. '76. Komum hér kl. 10 að kvöldi frá Reykjavík. Áttum hér góða nótt og höldum nú að Sleitustöðum í Skagafirði þar sem Ingibjörg ætlar að vera í sveit.

Stefán Reynir Kristinsson
INGIBJÖRG
Guðríður Þorsteinsdóttir

25. apríl 1976.

Komum hér frá Galtartungu í Dölum í leit að sólskini eða a.m.k. þurru veðri. Gistum hér í góðu yfirlæti og þökkum veitt húsaskjól. Sé af gestabók að nú á ár sem síðan síðast kom ég hér á leið til Austurlands á hreindýraveiðar. "Time tends to fly"! Vonum að allt sé hér eftir okkur í lagi. – Það var fallegur silungspútti í gömlu baðþrónni minni í lækinum sem varð alveg hissa að fá svona stóran félaga til að busla með sér í morgun. – Förum sennilega eitthvað norður á bóginn.

Egill J. Stardal
Anna Ingólfsd.
Kristrún Þ. Egilsdóttir

29-30 ág. 1976
Komum hér í góðu veðri kl $22^{00}$. Vorum 4. Komum frá Litlu-Grund í Fljótsdal með viðkomu á Akureyri.
Gekk nú betur að finna lykilinn en í fyrra, miklu betur því þá fannst hann eigi.
Allt í góðum sóma hér í Brandagili
Vöknum í sól og logni kl. $10^{30}$
Eftir 3 mán hitabylgju í Fljótsdal finnst okkur þó svalt hér.
Höldum suður um hádegi.
Þökkum gistinguna

Sigurjón Benediktsson
Snædís Gunnlaugsdóttir
SYLGJA DÖGG SIGURJÓNSD.
LABBAKÚTUR (KISA)

9/9 - 10/9 '76 Komum hingað kl. 23:15 í gærkvöldi. Lögðum af stað úr Kópavogi kl. 20:00 í gær í rigningu og roki, sem er það veður sem við höfum orðið að þola í allt sumar við sunnlendingar. Hugsaði með hlýju til frænda míns þegar í húsaskjól hans var komið og hurðd voru liún bein. Kl. er nú 8. Erum búin að snæða morgunverð og leggjum nú af stað til áfangastaðar okkar Brettingsstaða í Laxárdal, S. Þing. Þökkum allt.

Hildur Hálfdanard.
Karl Pálsson
Hafdís Karlsdóttir
Jóhann Arnason

22.9.'76 LEIT INN. MÁR.

27.5.'77 Við komum hingað í gærkveldi á „met-
tíma" úr Reykjavík (3½ tími) og höfum
við enn ekki fundið skýringu á því
hvað við vorum fljótir. Aðkoman í Branda-
gil er mjög góð og kofinn hefur ekkert
látið á sjá í frosthörkum vetrarins.
Eftir að hafa fengið okkur heitar og
góðar pylsur með öllu förum við að sofa
og sváfum vært. Þegar við vöknuðum í
morgun og fengum okkur heita blóm-
kálssúpu var þoka miður í miðjar hlíðar
og fremur svalt. Höldum síðan á Sigló
(skarðsmótið) ~~og~~ á saabnum vopnuðum
eldvörpum sem eiga að koma okkur
að góðum notum ~~á Sigló~~ í mótinu og
er bíllinn hinn vígalegasti ásýndum.

Hallgrímur Helgason
Kristinn R. Sigurðsson
Árni Þór Árnason

3.7.77 Komum seint, förum snemma.
Stöðugar skúraleiðingar.
Kristinn Kristinsson
Skúli Sigurðsson

9/7 77. Skruppum frá Prestsbakka
en þar vorum við að mæla
fyrir brú á Prestbakkaá.
Nú er frí um helgar ummum
samt í dag þar eð við vorum
svo lengi á leiðinni frá Þingeyri
Rigning eins og venjulega.
Sig. Haukur Sigurðsson
Sigurður Benni Sigurðsson.
Trausti Sigurðsson

10/7 Sunnudagur. Sumir okkar
sváfu allt að 10 tímum
Ekki hefur rignt í nótt
þoka er á Holtavörðuheiði.
Héldum hér til fram
eftir degi, hlustuðum
á útvarp og spiluðum
bridge (3manna)

Hús þetta gaf Jón J. Víðis nokkru áður en hann dó, frændum sínum: þeir eru:
Jakob Jón Hálfdanarson
Már Viðar Másson
Sig. Haukur Sigurðsson
Þorvaldur S. Þorvaldsson

Okkur er ánægja, að sem flestir áttingjar og vinir noti þetta hús.

18/7 1977 Leit inn á norðurleið. Sammála.
Jakob Hálfdanarson

19.-20/7 '77 Kom af Skaga í sól og blíðu, en þoka í Hrútafirði. – Svaf vel sem ævinlega hér. – Enn er þoka, er ég held héðan kl. 8 að morgni til Reykjavíkur.
Jakob Hálfdanarson

24. 7. 77. Erum að mala í Bitrufirði líkum við á leið úr Sunnudi að Reykjum. Þoka og súld eins og ávalt hefur verið í sumar.

Sigurður Þorri Sigurðsson.

Kristinn R Sigurðsson

25. 7. 77. Þegar maður kemur í þennan skála á maður að skála fyrir skálanum, sagði sonur minn Kristján, þegar við dingluðum okkur hér inn í Brandagil, með brugðna branda, - en heimasætan var ekki viðlátin. Okkur er í Hvammkot vísað:

Vorið er komið á honum Rauð
eitthvað sunnar á bæ
það á að gefa Brandi brauð
sitt af hverju tæi.

Verið skemmtilegir komumenn og dinglið ykkur varlega í lífsins degnum

Ps: Komum frá Reykjavík 22^{oo}
svafum hraustlega leggjum af stað
norður 11^{oo} 26.7.77.

[illegible signature]

Kristján Þórðar [illegible]

3/8/77 Komum í Brandagil kl. 9$^{15}$ að kvöldi eftir að hafa ekið frá Brettingsstöðum í Laxárdal, hvar við reyndum að veiða urriða. Fengum nokkra eftir mikinn barning í leiðindaveðri. Ókum hringveginn rangsælis og höfum ekki haft fjallsýn síðan við ókum yfir Hellisheiði milli Héraðsflóa og Vopnafjarðar. Vorum óskop fegin að komast í húsaskjól eftir að hafa sofið í tjaldi í hálfan mánuð í skítakulda. Vorum búin að eignast forláta kælikistu, en svo brá við að íslenzka veðráttan veitti matnum meira geymsluþol. Ekkert óhapp hefur hent okkur, nema þegar við lögðum í Hornafjarðarfljótið til þess að heimsækja frændfólk að Svínafelli. Í einum álnum, er við vorum næstum komin yfir „pompaði" bíllinn niður og það drapst á mótornum. Frampartur jeppans var á uppleið svo að Alli gat opnað framhurðina, drifið sig úr skóm og sokkum og brett upp buxnaskálmarnar. Dýfði hann nú annarri stóru tánni niður í jökulfljótið, en var fljótur að kippa henni upp úr aftur. Ég veit ekki hvernig hefði farið, ef ég hefði ekki talið í hann kjark með því að segja honum frá kvenfólkinu í pabba ætt, sem óðu fljótið hér áður fyrr upp í geirvörtur. Út í fór hann og honum



Þáun



tókst að þurrka upp rafkerfið og í gang fór bíllinn og yfir komumst við. Á Svínafelli fengum við þær fréttir að áin væri í svo miklum vexti að hún væri því sem næst ófær. Við fengum fylgdarmann á bakaleið, en hann lagði ekki í fljótið sjálfur, sagðist vera með reipi, ef með þyrfti. Ekki jók það kjarkinn. En út í fórum við og komumst klakklaust yfir Auðvitað hafði Alli tekið viftureimarnar af áður en yfir var haldið. Og nú erum við í litla húsinu hans Jóns frænda og líður okkur svo vel að við vitum ekki hvenær við höldum áfram suður

4/8/77

Vöknuðum endurnærð eftir góðan svefn. Nú er kl. 1 e.h. og við ætlum að kíkja um nágrennið í leit að Hauki bróður og co. og halda síðan suður í ágætis veðri

Þökkum gistinguna!

Halldóra Sigurðardóttir
Sigurður Alfreðsson
H. Óla

14. ágúst 1977. Þorvarður Örnólfsson fimmtugur í dag. Mun hann staddur erlendis. Í huganum sendum við honum góðar kveðjur, einnig Dóru Þorvaldsdóttur, en hún er hálf sextug.

Komum úr Bitru í gær og förum í sundlaug Reykjaskóla. Gistum hér og förum væntanlega í kvöld til Kollafjarðar í Strandasýslu þar sem við þurfum að hressa upp á málingu, sem ég gerði 1951. Besta veður en skýjað og nokkur þoka.

Sig. Haukur Sigurðsson
Kristinn R. Sigurðsson.
Trausti Sigurðsson

19. ágúst 1977, föstudagur

Þrjár kynslóðir á ferðalagi,
festu sig hérna eina nótt.
Fundu hlýju og góðan anda
(úti og inni), alkátar upp
standa, alla daga hrósa og
blessa Víðingana.
Húsavíkin bíður.
Bless.

SYLGJA DÖGG SIGURJÓNSDÓTTIR
Snædís Gunnlaugsdóttir
Herdís Þorvaldsdóttir

25-26 ágúst 1977.

Komum hér kl. $19^{30}$ í gærkveldi
frá Akureyri, á leið suður.
(Fórum aust-ur fyrir) Fórum frá R-vík, 20/8, og höfum
sofið í tjaldi hingað til, svo
gisting hér var kærkomin og
notaleg tilbreyting, því heldur

er tekið að kólna um nætur.
Hér var þó sólskin og besta
veður í gær, frá Akureyri, –
og í dag skín hér sólin, og
besta ferðaveður.
þökkum gistinguna.

Þórir Jón Hall.
Sigríður Vigfúsd.
Sigríður Björk Þórisd.
Vigfús Þorsteinsson
Reynir Þorsteinsson.

26.-8.-'77 Leit hér við á suðurleið í sól
og blíðu. Kem frá Gljúfurá á
mörkum Vestur- og Austur-Húnavatnssýslna,
en þar var verið að steypa súlur undir
nýja brú í dag.

Jakob Hálfdanarson

1 sept.' 77 Komum hér um 24$^{00}$ frá Reykjavík. erum á leiðinni að Brettingsstöðum í Mývatnssveit. Höfðum hér góða nótt. Við þökkum þér Brandargil.
Vilhjálmur Karl Karlsson.
Bonny Guðrún Valgeirsd.

12/5 '78. Höfðum hér næturgistingu á leið okkar til Siglufjarðar, en þar mun fara fram síðasta skíðamót vetrarins, svo nefnt „Skarðsmót".
Kristinn R Sigurdsson.
Ásdís Alfreðsdóttir.
Trausti Sigurdsson
Árni Þór Árnason

25/7 '78



Komum hingað í gærkvöldi kl. 10. Hlustuðum á kosningaúrslitin í sjónvarpinu, nei ég meina útvarpinu fram eftir nóttu. Höldum áfram norður til Akureyrar á eftir. Erum að fara í laxveiði í Laxá í Aðaldal í 2 daga, þar sem að Alfreð ætlar að ná í þann stóra??

Alltaf er jafngott að koma í Brandagil.

Þökkum gistinguna

Halldóra Sigurðardóttir
A. Olsen
Sigurður Alfreðsson



114

7/7 '78

Kæru Brandagilsgestir
við undirritaðir þökkum
gistileyfið hér undan-
farin ár, en þar sem
við eigum 5 ára afmæli
sem gestir hér, meinum
við það ekki láta ógetið
að, öðru sinni eigi ~~dagi~~
fáir laust ~~að [illegible]~~ á.
Í þau fimm skiptin sem
við höfum dvalið hér
munum við þann tel.
Óskum öllum gæfu
og gengis.

Skúli Sigurðsson
Kristinn Kristinsson

p.s. Guð og gæfa
fylgi öllum þeim
sem hér eiga dvalar-
-stað.

9. ágúst 1978

Komum hingað í gærkvöldi um níu um Haukadal og gistum í nótt og erum nú á leið norður í sólskinið.

Sigríður Vigfúsd.
Þorir Hall
Vigfús, Reynir og
Sigga Björk.

27/8 '78 Kom við á leið að Víðidalsá, en þar á að steypa nýja brú á morgun.

Jakob Hafsteinsson

23/9 '78 Komum við á heimleið allt í lagi í Brandagili.

Guðlaug Guðmundsd. Ásgeirsfirði
Elmar Arnason

11.6.1979 Komum hér í gær, sjómannadag, frá Guðlaugsvík á ströndum og höfum við verið að mæla þar síðan á fimmtudag 6.6. Gistingin í Kofanum var bæði köld og heit, eftir því hvar menn sváfu. Þökkum flitjum við húsráðendum og öðrum góðum mönnum sem byggt hefa þennan kofa.

Þröstur Jóhannesson Ísafirði.
Ólafur Sigurðsson Ísafirði
Sig Þorri Sigurðsson.

4.8.1979 Komum hingað um miðnættið í indælis veðri, logn og hlýtt. Erum á leið austur á Fljótsdalshérað, þar sem við ætlum að dvelja í sumarhúsinu okkar í sumarfríinu. Þökkum gistinguna:

Hildur Hálfdanard.
Hálfdan Þór Karlsson
Hafdís Karlsdóttir
Árni Jóhannsson (11 mán.)

Jóhann Gunnarsson
Kalli afi svaf út í bíl (Y-842)
Leggjum nú af stað kl. 07[20].

19-21. september 1979
Höfum verið að setja niður útsetningarpunkta frá Brú að Fjarðarhorni og einnig á Laxárdalsheiði frá Hólmavíkurvegi að brú á Laxá. Hér í Brandargili höfum við setið tvær nætur og munum við aldrei gleyma því, þar sem Kaldinn var að gera út af við okkur. Frost hefur verið þessar nætur fólavert, enda heldum vér eigi notnt það. þökkum húsaskjólið.

Þröstur Jóhannesson Ísafirði
Sig Bonni Sigmundsson Háb 41

1980

Hvítasunnan.

23-5-80 Fórum frá Rvík kl $10^{30}$ komum hingað 2½ um nóttina í logni og blíðu. Vöknuðum við sól og vestan gjólu skruppum að skoða Reykjaskóla sem Þorv S. teiknaði og þótti okkur hann mjög skemmtilegur. lágum svo í sólinni.

25- Sól í dag við gengum fjöru, upp úr miðjum degi fór að hvessa en sól. Öll orðin sólbrún í andlitinu.

26. Mjög kalt í nótt en sólin er að koma ~~upp~~ við förum að leggja af stað heim

Þvoðum hurðir og glugga og viðruðum dínur úti.
Hér var allt í besta lagi þegar við komum.

Þóra Þorvaldsdóttir.
SIGGA
Már Nikulásson

23.7."80 Komum hingað úr sól og blíðu sunnan fjalla í dumbung og kulda. Höfðum við lagt upp frá Akranesi kl 19⁰⁰ og vorum komin hingað kl. ca 22⁰⁰ Sváfum vel en vöknuðum í rigningu í morgun. Er ferðinni heitið til Ólafsfjarðar í dag en síðan áfram til Húsavíkur, á vit frænda og vina. Þegar átti að fara að elda (hita upp) pylsur í gærkvöldi kom í ljós að lítið var um gas á kútunum. Við tökum því minni kútinn með okkur og munum skjóta honum inn á fylltum á suðurleið.

Kristín Steinsdóttir

STEINN·S·JÓÁTT

Eiríkur Jónsson (3 ára)
Sigríður V. Jónsdóttir (8 mánaða)

Jón Hálfdanarson

"Lagið um Hann" 27/7/80



" Í kofaskriflí bjó hann
Sem lítinn veitti yl (ekki satt!)
Og andvaka á nóttum oft hann lá
(ekki satt heldur!)
Þá bláberjavínið hann teygaði (satt!)
Það gerði ekkert til
Það tókst með honum yl í sig að fá!"

"Þið þekkið þennan Hauk - - - "

Kærustu þakkir! Gilbert

Une ballade extraordinaire dans un pays aux lignes pures et aux couleurs hors du commun.
Grand merci à ceux qui m'ont permis de la faire. Marie-Laure.

Þegar Gilbert hafði lesið um sögu Brandagils í sérnum árátlum sagði hann, að hér þyrfti að hanga mynd af Jóni Viðis. Komum þessari hugmynd hér með á framfæri.
Gj. Kr.

27. júlí 1980. Í gær lögðum við af stað frá Ísafirði. Ókum Djúpið, Steingrímsheiði (Hermannssonar) og hingað. Komum við kl. 3 í nótt.
Vegalengdir frá Djúpmannabúð: 65 km. að vegamótum á Þorskafjarðarheiði.
Steingrímsheiði að vegam. Strandavegar 21 km
og hingað 135 km
Alls frá Ísafirði 361 km
Mjög gott veður í dag og í gær. (Vart um fólksbíla færi á Steingrímsheiði)

Sig. Haukur Sigurðsson

Undirrituð er ósammála síðustu athugasemd; en óneitanlega er alltaf gaman að fara áður óþekktar leiðir. Haukur er furðu hress í skapi, þótt hann hafi tekið síðasta neftóbakskornið sitt á afmælisdaginn 24.7. s.l. Segist þó iðrast mjög þessarar ákvörðunar sinnar.

Brandagil var kærkominn áningarstaður að vanda eftir um 9 stunda akstur frá Ísafirði þar sem við ókum á Haukis malduvegum um djúpið í sól og sumarblíðu. - Takmark ferðarinnar er Jökulsárgljúfur og hlökkum við til að upplifa undur og fegurð þess staðar.

Guðrún Kristinsdóttir

NB. Næstu gestir setji límiðann fyrir.

6/8 1980 kl 20<u>30</u> : Skutumst inn gaddkistuna á leið suður. Við höfum notið sumarblíðunnar norðanlands, en nú tekur alvara lífsins aftur við og vetrarstarfið. Í Hrútafirði er skýjað en rigningarlaust

Jón Hálfdanarson

17.-18/8 '80 Heklugos hófst kl. 13¹⁵. Lögðum upp frá Rvík kl. 16, fórum Mosfellsheiði til Þingvalla og sáum gosmökkinn. Þaðan um Kaldadal, borðuðum við Hraunfossa. Skýjað, sól annað slagið, hiti um 10°. Komum hingað kl. 23³⁰. Sváfum vel, búin að borða, höldum norður, ég að Hálsá hjá Dalvík, hin dvelja á Akureyri á meðan.

Jakob Hálfdanarson
Margrét Sveinsdóttir
Þórný Björk Jakobsdóttir
Jörð Víðis Jakobsson
Hlynur Sveinn Jakobsson

21/8 '80 Á suðurleið kl. 1 um nótt er sama fólk og ofanritað, rúmur helmingur sofandi. Kom hér við og skildi eftir timbur sem fara á í pall við inngöngudyr. Höldum til Reykjavíkur.

Jakob Hálfdanarson.

21.8.80 Erum á heimleið úr hringferð um landið og í leiðinni var setinn fundur rekstrar og héraðs-stjóra U.R. haldinn að Hallormsstað um síðustu helgi. Þökkum Sigurði Hauki gott boð um gistingu hér í Brandagili sem við notfærðum okkur.

Kristinn Jónsson
Ólafía Áradóttir
Ísafirði

15.4.81 Bramm á leið til Siglufjarðar á Landsmót.

Ívar L. Ólafsson
Yngvi Landal

17/7 '81 Á leið í siglingu á Skaga. Veður kalt en þurrt, eins og verið hefur í allt vor og sumar um Norðurland en heldur hlýnandi með morgninum.
Kristinn Kristinsson
Skúli Sigurðsson.

28.07.81 Komum hingað í gærkv. kl 24 frá Stikuhálsi.
Smásuddi en gott veður.
Sig. Haukur Sigurðsson
Gunnar Kristinn Guðmundsson
Kristinn R Sigurðsson

30.7. 81 Mældum á Laxárdals heiði í gær. Gísli Eiríksson gekk með okkur línuna. Hvasst og rigning um kvöldið en skánaði. Gistum hér.
Sig. Haukur Sigurðsson
Gunnar Kristinn Guðmundsson
Kristinn R Sigurðsson
(Keyptum gaskút Borðeyri)

22.8.81 Vorum hér í nótt. Erum á leið til Uppsala í Svíþjóð með viðkomu á Húsavík, Seyðisfirði, Færeyjum og Bergen, Osló og Stenungssund. Þar búa Þorvaldur Tómas Víðis og Lise-Lotte Andersson ásamt Maríu Birgittu Þorvaldsdóttur Víðis (Júlí 1981). Okkar ágæti fararskjóti er FUK 258. Skildum eftir lykil undir húsinu.
Snædís Erla Másdóttir Víðis
Már Viðar Másson
Margrét Ólafsdóttir

1.10 '81 Haldið'ið að það sé flott að eiga slíkan bróður sem sker það ekki fyrir sig að skutlast norður í Hrúta-fjörð að sækja sinn albesta bróður úr sumarvinnu. Hef verið við mælingar síðastliðinn hálfan mánuð í Staðardal norðan Hólmavíkur, hvar fyrirhugað er vegarstæði og áfram upp Norðurdal og yfir Steingrímsfjarðarheiði, ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um hvar verður komið niður í Ísafjarðardjúp. – Veður gengin í garð, svo gott sem alhvítt yfir að líta, hvasst og kalt.

Kristinn R. Sigurðsson.

KOMUM KLUKKAN 11[30] FRÁ R.V.K. HÖFÐUM HÉR NÆTURGISTINGU Á LEIÐ TIL R.V.K. MORGUNINN EFTIR.

Trausti Sigurðsson
Siglryggur Ólafsson

30. 6. '82 Komum hér við á leið til Akureyrar, í fylgd með jarðbornum Narfa, sem á að fara að bora við Kröflu. Öfluðum svo til Húsavíkur.

Hittum hér Þorkel Zakaríasson á nýja vörubílnum sínum. Sagði hann að flatt hefði upp á miðjan kofann núna í vor. Sjást merkjar flóðsins hér í kring, en húsið er í góðu lagi.

Nú er hlý sunnan gola og sólskyn, en klukkan er 9 að kvöldi. Höldum nú á Blönduós.

Jakob Hálfdanarson

Jón Víðis Jakobsson

Hlynur Sveinn Jakobsson.

1.7.'82 Þökkum gistileyfi í nótt. Erum á leið í silung á Skagaheiði að venju, en þar býður Ásamabóndi með járnaða hesta. Veður: bjart og hlýtt að kvöldi, en þoka og súld að morgni. Útlit þó gott samkvæmt veðurspá.

Kristinn Kristinsson
Skúli Sigurðsson.

6/7 1982 Á suðurleið, eftir vel heppnaða aldamótamyndasöfnunarferð til Húsavíkur. Snæddum nesti hér. Sól, hlýtt, norðan vindur.

Jakob Hálfdanarson
Jón Víðis Jakobsson
Hlynur Sveinn Jakobsson.

5/7 '83. Erum á leið frá Reykjavík til Akureyri og notfærðum okkur velvild eigenda um að fá að gista hér um nóttina, og það erum við þakklát fyrir, þar sem veður-guðirnir hafa ekki verið alltof tillitsamir, Við reiknum einnig með að gista hér á leið til RVK. eftir c.a. 3 daga.

Guðfinnur Sigurðsson
Birgit Friis Olesen

5/8 '83 Nú virðist sem dvalargestum fækki í Brandagili með hverju árinu, ellegar hitt að beiningamenn hirði ekki lengur um að tíunda ferðir sínar í þessa bók, eins og þó er áskilið í formála hennar og er hvort heldur er slæm tíðindi. Þó er sá atburður árviss og óframkvæmanlegur og óumlega skráður að hér koma veiðimenn af Skaga sem að þessu sinni yfirgefa Hrútafjörð í sól og sumarþey með þakklæti í huga.

Kristinn Kristinsson – Skúli Sigurðsson.

6/7 '84 Tókum hús í Brandagili fimmda árið í röð á svipuðum árstíma og í sömu erindagerðum og vísast í þar efni til fyrri skrifa.
Veður við koma og brottför; lágskýjað, dumbungur og vindur af N-V., en spáin lofar skárra veðri á morgun.
Kristinn Kristinsson
Skúli Sveinsson

6/7 84 18[illegible] Viðkoma á leið í Vopnafjörð lýsing sbr hér að ofan

Þorvaldur Þorvaldsson
Steinunn Jóns Ó.

Ol Jens + Malla.

9/7 '84 Vorum á hringferð suðvestur, gistum í nótt hjá Ingimundi á Svignaskarði, og þar áður hjá Snædísi á Húsavík. Komum hér við til að snæða. Hrafn Gunnlaugsson, Sól Hrafnsdóttir Edda Kristjánsdóttir Tinna Hrafnsdóttir
Kristján Þórður Hrafnson. 230-238

23/8 1984 Í sumarfríi, á leið til Húsavíkur, með berjafötur. Drukkum hér síðdegiskaffi í glampandi sól og vestan þei. Brandagil í góðu standi, en málningarþurfi.

Jakob Hálfdanarson, Jón Víðis Jakobsson, Margrét Sveinsdóttir, Hlynur S. Jakobsson.

28/6.'85 Komum í björtu, en heldur nöprum veðri frá Rvk. í gærkvöldi og höldum í morgunsárið á Skaga í silung í N-A kalda en þurru og hlýju veðri.

[illegible] Kristinsson
Kristinn Kristinsson jr.

19/7'85 Erum á leið til Húsavíkur að eiga þar stund með nokkrum byggingameisturum og þáðum næturskjól í Brandagili. Veður er hér heldur ósumarlegt, norðan allhvass með rekju og hefur svo verið nú um þriggja vikna skeið, að

gránað hefur í fjöll og jafnvel fjallvegir á N-A landi teppst. Gamlir menn muna ekki svo langan samfelldan ótíðakafla á þessum árstíma hér um slóðir.

Guðrún og Kristín Krist[illegible]

6/5 1986 Gistum hér í nótt á leið á sálfræðingaþing á Blönduósi. Þurrt veður og bjart. Íshröngl á lækjum um morguninn. Gerðum vor-hreingerningu, fleygðum rusli og viðruðum dýnur.

Már Viðar Másson

Margrét Ólafsdóttir

8/5 1986 Drukkum kaffi okkar á leið til Reykjavíkur. Vorum hjá Höllu Þóru Másdóttur, Ágústi Kárasyni og Davíð litla í nótt. Halla þvoði fortjald kúnnar og gaf skúringafötu, en sú sem fyrir var var ónýt. Margrét saumaði nýja hringi á tjaldið. Skildum eftir penna í kúnnu.

Már Viðar Másson

Margrét Ólafsdóttir

5. júlí '86

Höfðum hér næturgistingu á leið á ættarmót norður í Fljót, hvar niðjar Jóns í Tungu koma saman. Kalt og strekkingur (Hafís skutt undan landi.)

- Brandagil er veðurbarinn og þarfnast fljótlega einhverrar aðhlynningar

- Takk fyrir okkur.

Kristinn R. Sigurðsson
Sigurður Bessi Sigurðsson
Hauskuldur Sigurðsson
Ingibjörg Þórisdóttir

13 ágúst 86

Komum hér við eins og stundum áður á leið til R.vík

Undur og stórmerki að hér var þoka og suddi, en gott að koma hér sem endranær. Líðum þessu svo lokið og lokum aftur uss.

Sigurjón Baroll Ktr
Amalía Gunnlaugsd.

HARPA
Benedikt Þorri Sigurjónsson
86 Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir.

15. Ágúst. Komum hér við á leiðinni til Sauðárkróks að sækja Sigríði Maríudóttur til Hólum. það er hvasst en sól.
Jóna Þorvaldsd.
Már Nikulásss.
DARRI

'86.
17 ágúst Erum núna á suðurleið með Siggu og Darra komum hérna aðeins við blæs "logn" en sólarlaust þora og Már.

21. Ágú. '86

KOMUM HÉR VIÐ, Í FYRSTA SINNI, Á LEIÐ OKKAR FRÁ AKUREYRI TIL REYKJAVÍKUR. HEFÐUM FRAKEKAÐ GIST Í BLÖNDUÓSI EF VIÐ HEFÐUM VITAÐ AF SVO GÓÐU HÚSI HÉR Í

BRANDAGILI, ÞÖKK SÉ JÓNI VÍÐIS FIRIR ÞAÐ. HÉR KOMUM VIÐ AFTUR OG GISTUM VONANDI.

Egill Ólafsson,
Tinna Gunnlaugsdóttir

12. sept. 1986 Kem frá Jaðri hér utar í Hrútafirði, en þar dvaldi ég hjá Kristjáni Ísfeld bónda og frú hans, síðustu tvo daga, á meðan ég vann við að teikna hringsjá á Borgarvirki við Húnafjörð.

Hér er allt í stakasta lagi innanhúss, en málningarþörf utanhúss hefur enn vaxið!

Þorkell Zakaríasson bóndi hér í Brandagili er hættur að vera hér, nema e.t.v. yfir blásumarið.

Held nú til Reykjavíkur.

Jakob Hálfdanarson

4/7 1987 Komum hér við á leið okkar til Höllu Þóru og fjölsk. á Sandarhóli. 18°C og „Mallorcaveður" í Reykjavík, en kalt og hryssingslegt hér í Hrútafirði. Héldum áfram eftir kaffidrykkju.

Már Viðar Másson, Margrét Ólafsdóttir
Halla Dögg Másdóttir

7/7.1987 Leit hér við á leið frá Gudlaugvíkurá á Ströndum og til Reykjavíkur. Grenjandi rigning og lækurinn mórandur. Jakob Hálfdanarson

10/7.'87 Erum á leið til veiða á Skaga og þáðum hér gistingu að venju. Hér er fegursta veður, hæg N-V átt og skafheiðríkt. Þannig hefur veðrið verið um mestallt land undanfarna mánuði og þykir því ekki nýlunda, en í Strögum kröktu menn í kuldatíð og sífelldum rigningum.
Kr. Kristmundsson —
Steinli Sig-Lu

11/7 1987 Komum hér við á leið okkar til Sauðárkróks þar sem við ætlum að gista á heimili Hallu Þóru og Adda í þrjár nætur. Ábúandi jarðarinnar hótaði að henda skrímum af landinu væri hann ekki málaður og hafði mörg ófögur og óprenthæf orð um Brandagil. María er að gefa barninu „brjóst"

meðan ég skrifa þetta síðan höldum við leið okkar áfram.

Hafsteinn Másson
María Þorleifsdóttir
Ragnhildur Þóra Hafst.

1/4 1988 Áðum í Brandagili á suðurleið. Már og fjölsk. höfðu þá dvalið hjá Höllu Þóru og fjölsk. í tvo daga á Sauðárkróki. Eftir 3 daga verður Sigríður Márd. fermd í Reykjavík (annan í páskum). Veður er ákaflega fallegt, frost nokkur stig og mikill snjór. Holtav.heiði var rudd í morgun þrátt fyrir föstud. langa. Drukkum kaffi og kókó nema litli óskírður (Nikulás) Ágústsson sem fékk spenvolga mjólk. Hann verður skírður um leið og Sigr. verður fermd. Allt er gott.

Már Viðar Másson    Halla Dögg Másdóttir (2ja ára)

~~[illegible]~~
Laura Már.
Nikulás Ágústsson
Davíð Orri Ágústsson
Sigríður Másdóttir.
Margrét Ólafsdóttir



29/5-88 Komum hér við á leið okkar frá Sauðárkróki við ~~Halla~~ Sigga erum búnar að vera í viku hjá Höllu og Adda. Már kom að sækja okkur í gær ætlum að koma við á Akranesi.

Þóra Þorvaldsdóttir
Már Skúlason Sigríður Másdóttir

6/7 1988 Gistum hér í nótt. Susanne & Daniel sváfu á dýnum Höllu Þóru á gólfinu frammi og létu vel af sér. Komum úr Skorradal þar sem við gistum í sumarhúsi Ólafs Magnússonar & Helgu Kristinsdóttur. Höldum nú til Höllu Þóru á Sauðárkróki. Susanne & Daniel halda áfram til Mývatns. Þau eru öll vön, hafa m.a. búið í Arabíu en finnst dvöl í Brandagili ævintýraleg. Gott veður og hlýtt. Færðum borð út og borðuðum morgunmat úti á stuttermabolum. Þó sést ekki til sólar ennþá. S&D komu með góða veðrið með sér til Rvk. fyrir viku, en þá hafði verið óvenju kalt og dimmt þar í 3 vikur. Daniel varð Siglfjóðar- og Norður-



landamaistan í mótorflugi á Hellu um síðustu helgi. Ræddi við Þorkel Zakaríasson. Sagði honum frá áformum um að flytja hund suður þar sem lítil not virtust fyrir það hér. Er nú hálfur að leita að vörubílstjóra.

Már Viðar Másson Dan Hedström
Margrét Ólafsdóttir Susanne Trauber
Halla Dögg Mársdóttir (3-ja ára)

8 júlí 88 Vöknum hér eftir hvíldargóðan svefn í fegursta sumarveðri, loftblíða, gaðdurilm og við samslungna sinfoníu af gutli bæjarlæksins og söng fugla. Hvítafjörður er sem spegill. Við giskum á 14 stiga hita í morgunsárið. Höldum nú til veiða á Skaga samkvæmt 14 ára venju og þökkum húslánið, með fróomri ósk um að það standi hér enn að ári.

Kristinn Kristinsson Elín S. [illegible]

29/7 88

Komum hér við á leiðinni heim eftir mikudvöl sunnan Lands. Vorum í sumarbústað við Haiðarvatn í 3 mánuði og 3 mánuði hjá Mömmu og Pabba. Úti er kalt og skýjað.

Halla Þóra Már.
Davíð Orri Ágústss.
Már Nikulás Ágústss.
~~[illegible] Hafar~~ — Sauðárkróki

3/8 1988 Á leið frá Reykjavík til Mývatnssveitar til að teikna hringsjá í Dimmuborgum. Kem við í Borgarvirki með nýteiknaða hringsjá þar.

Jakob Hálfdanarson
Margrét Sveinsdóttir

Barry Thorlegson } KANADA
Thor Thorlegson }

12/5 1989 Borðuðum bitann okkar. Á leið til Höllu Þóru & fjölsk. á Sauðárkróki. Már, Þóra S. & S. Haukur fóru fyrir viku í Mýr-dal (Fellsmörk) að kanna ný lönd f. Brandagilshúnið.

Már Viðar, Halla Dögg & Margrét Ólafsdóttir

12.7.'89 Stoppuðum stutt við í fallegri kvöldsól. Synir mínir vildu ólmir gista í kojunum, en við vorum búin að gera aðrar ráðstafanir.

Sunna Gunnlaugsdóttir
Ellen Erla Egilsdóttir
Herdís Þorvaldsdóttir
Ólafur Egill Egilsson.
Gunnlaugur Egilsson

14.07.'89 Sváfum hér af nóttina og þökkum húsaskjólið. Veður, S-A gola og þungbúið en hlýtt.
Skúli og Kristinn

5/8 1989 Erum á leið í Skaptahlíð og Mývatnssveit. Áttum hér ánægjulega viðdvöl, drukkum kaffi og sumir léku golf. Verðum að draga Siggu út, því hún vill ólm sofa hér. Höldum nú á.

Jakob Hálfdanarson  Jón Hálfdanarson
(Bensíntankurinn á Volvóinum er farinn að leka, reynum að leita úrbóta)
Steinn Arnar Jónsson  Sigríður Víðis Jónsdóttir, 9 ára
Eiríkur Jónsson, Kristín Steinsdóttir

6/6 '90 Borðuðum nesti okkar. Erum á leið heim eftir vikudvöl í R-vík.
Úti er grenjandi rigning.

Halla Más. Davíð Orri
Már Mikkelsen. [illegible]

13/7. '90 Höfum gist hér árlega síðan 1974 á sömu tíma á leið norður á Skagaheiði. Þessi nótt í Brandsgili í upphafi veiðitúrs er orðin hluti af „Tradisjon" sem er óumbreytanleg (nema hvað aðeins að þetta sæluhús verði minnið brott og flutt í Kerlingardal sem Guð lofi að ekki verði.)
Hiti í lofti, bjartur í gær og nótt, en rigningarúði í morgunsárið. Andvari af S-V.
TAKK

Kristinn Kristinsson
Skúli S. G[illegible]

18. júlí 1990 Áðum í Brandagili eftir að hafa ekið í rigningu frá Þingvöllum, en þar mæltum við okkur mót við Kristin og fjölskyldu hans, en þau yfirgáfu sumarbústað á Laugarvatni í von um betri tíð norðan heiða. Við borðuðum vel þegið nesti, enda harla svöng orðin. Vorum því þakklát að hafa Brandagil enn á sínum gamla stað. Nú er þessi gestabók senn fullskrifuð og Brandagil verið sæluhús í besta skilningi þess orðs í 23 ár. Þáttaskil eru í vændum, en hlutverki þess ekki lokið... Góðar óskir fylgi því áfram.

Guðrún Kristinsdóttir
Einstök tilviljun að Jakob Hálfdanarson kom hér við
Sig. Haukur Sigurðsson
Kristinn R. Sigurðsson GRÍMUR (5 ára)
Sigurveig Grímsdóttir
Steinunn Kristinsdóttir (2. ára)

19. júlí '90 Gistum í góðu yfirlæti með börnin okkar.
Ingibjörg Jónsdóttir Sigurður Haukur Traustason
Trausti Sigurðsson Jón Ari Traustason.

lok